FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
296. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —



# Snjallar gjafir fyrir bjartari jól

Allar snjöllustu jólagjafirnar sem gleðja og kæta. Símar sem hringja inn jólin, hátalarar sem gefa tóninn og skínandi snjallúr sem telja niður til jóla.

**Kynntu þér úrvalið á siminn.is/jol eða komdu í verslanir Símans í Ármúla, Smáralind og Strandgötu Akureyri**









## iPhone 11 & 11 Pro / 11 Pro Max

Verð frá 129.990 kr.

Pay Léttkaup 11.617 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 12.98% Alls: 139.400 kr.

## Samsung S10 og S10+

Verð frá 129.990 kr.

Galaxy buds heyrnartól fylgja að verðmæti **25.990 kr.**

Pay Léttkaup 11.617 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 12.98% Alls: 139.400 kr.

## Zens þráðlaus hleðsla

Verð frá 14.990 kr.

Hleður iPhone, AirPods og Apple Watch samtímis

## Apple AirPods

24.990 kr.

Vinsælustu heyrnartólin



## Cutty vekjaraklukka

4.990 kr.

Einnig næturljós og dagatal



## Dansandi hátalari

Verð frá 3.490 kr.

Tvær stærðir í boði




## Rafknúið hlaupahjól Xiaomi Mi og Mi PRO

Verð frá 55.192 kr.

~~Fullt verð: 68.990 kr.~~

Pay Léttkaup 5.165 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 22.61% Alls: 61.984 kr.

**@siminnisland**

**Fylgdu Símanum á Instagram og taktu þátt í jóladagatali Símans.**
Nýr pakki daglega fram að jólum!

Með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

# FRÉTTABLAÐIÐ

296. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER 2019




Donald Trump Bandaríkjaforseti er kominn með nóg af Demókrötum og ákæruvaldi þeirra. Þegar umræður um ákærur á hendur honum hófust í fulltrúadeildinni í gær sakaði hann þá um tilraun til valdaráns. Þótt meirihluti fulltrúadeildarinnar vilji ákæra forsetann sýna kannanir að bandaríska þjóðin er klofin í tvær hnífjafnar fylkingar í afstöðu sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Héraðsdómari kærður af skiptastjóra

**Lögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson krefst þess í kæru til nefndar um dómarastörf að nafngreindur dómari verði áminntur fyrir ákvörðun sem Sveinn Andri segir bæði ámælisverða og ólögmæta. Hann telur að persónulegri andúð dómarans sé um að kenna.**

**DÓMSMÁL** Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður hefur kært Helga Sigurðsson héraðsdómara til nefndar um dómarastörf.

Kæran lýtur að aðfinnslum dómarans við þóknun sem Sveinn Andri ráðstafaði til sín sem skiptastjóra þrotabús. Fann dómarinn að því að ákvörðunin hefði hvorki verið rétt tekin né um hana bókað í fundargerð. Var Sveini Andra gert að endurgreiða þóknunina til búsins.

Í kærunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er því haldið fram að ákvörðun dómarans sé bæði ámælisverð og ólögmæt. Enginn lagaáskilnaður sé um bókun um þóknun í fundargerð né þurfi samþykki kröfuhafa fyrir umræddri ráðstöfun. Vísað er til bréfaskipta og endurrita úr gerðabók skiptastjóra um stuðning meirihluta kröfuhafa við ráðstafanir og ákvarðanir skiptastjóra. Þá fylgir kærunni staðfesting endurskoðanda á að þóknunin hafi verið endurgreidd inn á fjárvörslureikning þrotabúsins.

Á skiptafundi í kjölfar endurgreiðslunnar bókaði Sveinn Andri í fundargerð ákvörðun um að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun. Bókuðu fulltrúar meirihluta kröfuhafa stuðning við þá ráðstöfun.

Sveinn Andri taldi sig nú hafa orðið við fyrirmælum dómarans



Sveinn Andri Sveinsson.

og að málið væri úr sögunni. En þegar dómarinn boðaði málsaðila til fundar þar sem ræða átti hvort skiptastjórinn hefði brugðist rétt við ákvað Sveinn Andri að snúa sér til nefndar um dómarastörf. Umræddur dómari „hafi tekið á sig krók og farið langt út fyrir lagaheimildir í því skyni að taka ákvörðun sem væri verulega íþyngjandi fyrir álitsbeiðanda“. Sveinn hafi ekki notið sannmælis; þvert á móti virðist afstaða dómarans litast af persónulegri andúð. Í kvörtuninni fer Sveinn fram á að dómarinn verði áminntur. – ds

## Nýjasta tækni og vísindi

**VÍSINDI** Víða um heim hafa vísindi verið fyrirferðarmikil á árinu sem er að líða.

Í blaðinu í dag eru rifjaðir upp nokkrir helstu atburðir á því sviði. – ilk / sjá síðu 8





## Tindastóll með hreinsað nafn

**KÖRFUBOLTI** „Ég tók þetta mál strax fyrir en ég hafði í raun aldrei neinar áhyggjur af því. Ég þekki mína leikmenn það vel og auðvitað voru margir sárir og reiðir yfir þessu,“ segir Baldur Þór Ragnarsson, þjálfari Tindastóls í körfubolta.

Körfuknattleikssambandið hefur hreinsað liðið af grun um hagræðingu úrslita gegn ÍR. KKÍ leitaði til fjölda aðila til að skoða leikinn og úrslitin og niðurstaðan var skýr. Ekkert óeðlilegt átti sér stað.

Baldur segist hafa verið á staðnum og þekkja sitt lið. „Það stóðst ekki á neinn hátt að þetta hefði verið í gangi og ég vissi að þetta færi frá og við yrðum í raun bara að mæta á æfingar og reyna að bæta okkur. Við getum ekki verið að fara eftir því hvað er í gangi á samfélagsmiðlum.“ – bb / sjá síðu 26








## Veður




Norðaustan 13-20 síðdegis og hvassara í vindstrengjum á Suðausturlandi. Éljagangur norðan til, snjókoma eða slydda austanlands, en áfram þurrt um landið suðvestanvert. Hiti kringum frostmark. SJÁ SÍÐU 32



**Finnafjörður.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ljúka skýrslu um Finnafjörð

**IÐNAÐUR** Skýrslu hlutaðeigandi ráðuneyta um uppbygginginu í Finnafirði verður skilað til ríkisstjórnarinnar í janúar. Í skýrslunni verður fjallað um innviði raforkukerfisins, forkönnun á vegtengingu svæðisins, lagaleg málefni og samfélagslega greiningu. Þetta kemur fram í skriflegu svari ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn Hönnu Katrínar Friðriksson um raforkuflutning í Finnafirði.

Í svarinu kemur fram að uppbyggingin í Finnafirði muni kalla á fjárfestingu í flutnings- og dreifikerfi raforku. Nánari greining þar um verði í skýrslunni. Um fyrirhugaðar úrbætur á raforkuflutningi á svæðinu segir ráðherra að þá 10 kílómetra sem eigi eftir að endurnýja af 33 kílóvolta línunni frá Kópaskeri að Raufarhöfn hyggist RARIK endurnýja með lagningu slíkrar línu á árinu 2021. Þá sé unnið að eflingu á flutningskerfi Norðausturlands með lagningu Kröflulínu 3. Henni sé ætlað að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi.

Ráðherra segir hvorki tímaramma verkefnisins né kostnaðarmat liggja fyrir. Ekki hafi verið gert ráð fyrir fjárveitingum vegna verkefnisins í nýsamþykktum fjárlögum. Þegar samantekt ráðuneytanna um verkefnið verði skilað til ríkisstjórnar muni tímaramminn liggja betur fyrir. Ákvarðanir um aðkomu ríkisins að verkefninu verði teknar í framhaldi af því. **– aá**

## Fínt skal það vera á jólum



**Þessa dagana eru miklar annir á rakarastofum og hársnyrtistofum landsins enda vilja flestir tryggja sér jóla- og áramótaklippingu. Ragnar Heiðar Harðarson var með hátíðarhúfu til að létta andrúmsloftið á Rakarastofu Ragnars og Harðar á Vesturgötu í Reykjavík í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gunnar valinn í Seðlabankann

**STJÓRNSÝSLA** Gunnar Jakobsson lögfræðingur verður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Forsætisráðherra skipar í embættið en samkvæmt nýjum lögum sem taka gildi um áramótin eru varaseðlabankastjórar fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits skipaðir að fenginni tillögu fjármála- og efnahagsráðherra.

Samkvæmt niðurstöðu hæfisnefndar voru fimm umsækjendur um starfið metnir mjög vel hæfir. Af þeim kaus Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra að tilnefna Gunnar Jakobsson. Auk prófs í lögfræði er Gunnar með MBA-próf frá Yale-háskóla og hefur starfað hjá Goldman Sachs undanfarin ár.

Auk Gunnars sóttu tíu um starfið. Þeirra á meðal voru Guðrún Johnsen hagfræðingur, Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. **– aá**

# Seinka jólunum heima til að gleðja ókunnuga

**Annað árið í röð bjóða eigendur veitingastaðarins Orange Café í Ármúla þeim sem eru einir um jólin að upplifa ekta jól á aðfangadagskvöld. Annar þeirra, Tómas Hilmar Ragnarz, segir þennan jólaanda eiga að vera andann alla daga.**

**SAMFÉLAG** „Við förum að hugsa um allt fólkið sem er eitt á jólunum og þá kom hugmyndin, hvort við ættum ekki að bjóða því bara í jólamat. Við vildum hafa þetta alvöru jólamat eins og við myndum sjálfir hafa,“ segir Tómas.

Úr varð að eigendurnir Tómas og Beggi auk Viktors, sonar Begga, opnuðu veitingastaðinn á aðfangadagskvöld þar sem boðið var upp á frían mat og ákveðið var að endurtaka leikinn í ár.

„Við vorum allir á því að seinka bara jólunum heima aðeins til að gleðja fleiri. Það er andi jólanna en ætti auðvitað að vera andinn alla daga. Hætta að hugsa um sjálfan sig alla daga og hvað mig vantar. Hugsa frekar hvað maður geti gert fyrir náungann.“

Eftir að viðburðurinn var kynntur í fyrra höfðu fjölmörg fyrirtæki samband og buðu fram aðstoð sína.

„Við þurftum meira að segja að afþakka aðstoð því það voru svo margir sem vildu aðstoða en það var einhver sem þurfti að koma boltanum af stað. Það fallega við þetta er að það kom aðili á Selfossi og gerði þetta líka. Núna í ár veit ég um einn stað hérna niðri í bæ, Gumma Ben, sem er líka að gera þetta.“

Í fyrra komu um 40 manns í jólaveisluna þar sem söngvarinn Geir Ólafs kom og söng fyrir gesti.

„Við sáum það þegar fólkið var að koma að það var pínu feimið við að koma inn. Það sat kannski fyrst úti í bíl en kom svo inn. En það eru allir velkomnir því við viljum bara eiga góða stund saman og borða eðalmat. Snúast ekki jólin um það?“

Tómas hvetur fólk til að hugsa til þess hvort einhver staðar sé frændi eða frænka, kannski fjarskyldur ættingi á elliheimili eða vinnufélagi af erlendu bergi brotinn sem sé einn á jólunum.



**Fjörutíu manns komu í mat til Tómasar í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við sáum það þegar fólkið var að koma að það var pínu feimið við að koma inn. Það sat kannski fyrst úti í bíl.**
>
> Tómas Hilmar Ragnarz

„Bjóddu honum þá bara heim. Þá þyrfti enginn á okkur að halda. Það væri fallegasta niðurstaðan ef við yrðum gerðir óþarfir.“

Tilkynning um jólaveisluna í ár var sett í loftið í byrjun vikunnar en þegar hafa borist fjölmargar fyrirspurnir og fólk er byrjað að hringja og taka frá pláss. „Það er best að fólk hafi samband svo við getum gert ráð fyrir öllum. Við opnum húsið klukkan fimm og byrjum að borða klukkan sex. Það verður boðið upp á þriggja rétta máltíð, kaffi og súkkulaði.“

Tómas segir að þeir muni taka við eins mörgum og húsrúm leyfir en vonast til að það séu ekki allt of margir í þeirri stöðu að vera einir á jólunum. „En þetta er líka ákall til annarra um að bjóða kannski fólki á jóladag, annan í jólum og gamlárskvöld. Það er góð tilfinning að geta verið til staðar fyrir fólk. Samt hugsar maður að þetta eigi ekki að þurfa að vera svona í okkar samfélagi.“

Hægt er að skrá sig í jólaveisluna á orangecafe.is og í síma 662 3306.

**sighvatur@frettabladid.is**


# Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**

auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins. Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndaverk sem sýnd hafa verið í sjónvarpi á árinu 2018. Umsóknir berist fyrir 15. janúar 2020 til:

SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
c/o Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík
eða með tölvupósti á sik@producers.is

Nánari upplýsingar, úthlutnarreglur og eyðublað eru á vefsíðu

**SÍK – www.producers.is**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
21:00
í Skútuvogi

Enn stærri

# ÚT *Jóla* SALA

## Allar jólavörur

Seríur • Jólaljós • Jólaskraut

# 50% afsláttur

Jólagjafir
25%
afsláttur
Rafmagnsverkfæri
Smáraftæki • Búsáhöld

Jólatúlípanar 10 stk.
1.490 kr
Frábært verð í Blómavali



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám, greni eða ferskum skreytingum

# Hætta á erfðabreytingum sögð mikil fyrir villtan lax í Noregi

**UMHVERFISMÁL** Yfir þrjú hundruð þúsund laxar hafa sloppið úr norskum eldisstöðvum á þessu ári og er það mesti fjöldinn í átta ár. Þetta kemur fram í norska blaðinu Dagens Næringsliv.

Í frétt Dagens Næringsliv segir frá því að fyrr í þessum mánuði hafi hafrannsóknastofnunin norska varað við aukinni hættu á erfðablöndun hjá villtum laxi. Hættan stafi af eldislaxi sem sloppið hafi og gangi upp ár og hrygni með villta laxinum. Slíkar erfðabreytingar hafi þegar átt sér stað.

„Með tímanum getur blöndun frá eldislaxi breytt eiginleikum villtra laxastofna, minnkað fjölda villtra laxa og veikt getu stofnanna til að laga sig að breytingum í umhverfinu,“ vitnar Dagens Næringsliv til aðvörunarorða hafrannsóknastofnunarinnar. Villtur lax frá Norður-Þrændalögum til Troms séu í mikilli hættu á frekari erfðablöndun.

Haft er eftir Øyvind Lie, framkvæmdastjóra strand- og sjávarútvegsdeildar fiskistofu Noregs, að eldislaxinn sleppi helst í tengslum við aðgerðir sem farið sé í til að berjast gegn lús og öðrum sjúkdómum. Í þremur af hverjum fjórum tilfellum sleppi lax þegar gat komi á kvíarnar.

> **Það er útópía að trúa að enginn eldislax sleppi í framtíðinni. En aðalmarkmiðið er að blöndun eldislaxa og villtra laxa verði stöðugt minni.**
>
> Øyvind Lie, framkvæmdastjóri hjá fiskistofu Noregs

Øyvind Lie segir þó að aðgerðir til að fyrirbyggja slík óhöpp hafi skilað árangri og stórslys þar sem heilu stöðvarnar bresti séu úr sögunni.

„Það er útópía að trúa að enginn eldislax sleppi í framtíðinni. Aðalmarkmiðið er að blöndun eldislaxa og villtra laxa verði stöðugt minni,“ hefur Dagens Næringsliv eftir Lie.

Tarald Sivertsen, sem fer fyrir nefnd fiskeldissamtakanna Sjømat Norge um sleppilaxa, segir við Dagens Næringsliv að áðurnefnt bakslag varðandi sloppna eldislaxa sé auðvitað afar óheppilegt. Mikil áhersla sé lögð á að allir í geiranum viti hversu illa það geti skaðað alla greinina séu hlutirnir ekki í lagi.

„En það er innan seilingar að fá svo lágar sleppitölur að þær hafi ekki áhrif á villta laxinn,“ fullyrðir Sievertsen við Dagens Næringsliv. **– gar**




## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Fæðingarorlof lengt í tólf mánuði** Alþingi samþykkti að lengja fæðingarorlof úr níu mánuðum í tólf.

**2 Hagnaður af sölusíðu með fíkniefni rennur í löggæslusjóð** Fjármunir sem FBI haldlagði í gagnaveri Advania og taldir eru vera ágóði af fíkniefna- og vopnasölu á netinu verða settir í sérstakan löggæslusjóð.

**3 Javi rekinn úr Allir geta dansað: „Þetta er óheppilegt mál“** Javi Valiño segir að sér þyki það leitt að hafa verið rekinn úr þáttunum Allir geta dansað.

**4 Skólabörn á Skagaströnd kaupa vatnsdælu í stað jólapakka** Nemendur í Höfðaskóla ætla að sleppa því að skiptast á jólagjöfum og safna heldur fyrir Sönnum gjöfum UNICEF.

**5 Tveir einstæðir feður flytja úr foreldrahúsum í leiguíbúð fyrir jólin** Lyklar voru afhentir að nýjum leiguíbúðum ætluðum tekjulágum í Hafnarfirði.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

# Lína dregin í sandinn við þriðja áfanga rammaáætlunar

**Frumvarp um stofnun Hálendisþjóðgarðs hefur verið lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda. Umhverfisráðherra telur frumvarpið góða lendingu þegar kemur að samspili verndunar og orkunýtingar. Þá telur hann að með frumvarpinu sé verið að tryggja aðkomu sveitarfélaganna að skipulagsvaldi á svæðinu.**

**UMHVERFISMÁL** „Meginmarkmiðið með stofnun Hálendisþjóðgarðs er að vernda víðerni sem eru ein þau stærstu í Evrópu. Þetta er mjög einstök náttúra á heimsmælikvarða út af fjölbreytileikanum sem þar kemur saman á tiltölulega litlu svæði,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Frumvarp hans um stofnun Hálendisþjóðgarðs var lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda í gær ásamt frumvarpi um Þjóðgarðastofnun. Guðmundur Ingi segir fyrrnefnda frumvarpið í grundvallaratriðum byggt á skýrslu nefndar sem í sátu fulltrúar stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og tveggja ráðuneyta.

„Ég er sannfærður um að þetta verkefni er okkar stærsta framlag til náttúruverndar hingað til,“ segir Guðmundur Ingi.

Eftir að skýrsla nefndarinnar var kynnt í byrjun mánaðarins hefur komið fram nokkur gagnrýni á áformin af hálfu sveitarfélaga. Snýst gagnrýnin um skort á samráði og að með stofnun þjóðgarðsins sé verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaga.

Guðmundur Ingi segist hafa rætt við allar sveitarstjórnir sem fara með skipulagsvald á hálendinu og nefndin hafi hitt þær allar til að ræða þessi mál.

Samkvæmt frumvarpinu verður þjóðgarðinum skipt upp í sex rekstrarsvæði og í hverju þeirra verður umdæmisráð. Sveitarfélög munu í gegnum umdæmisráðin tilnefna sex af ellefu stjórnarmönnum þjóðgarðsins.


**Hálendisþjóðgarður yrði stærsti þjóðgarður í Evrópu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er eðlilegt þegar lagðar eru til breytingar að fólk greini og velti fyrir sér með hvaða hætti það hafi áhrif, til dæmis á sveitarfélögin. Þau gegna mjög mikilvægu hlutverki á þessu svæði í dag og ég vil að þau geri það áfram. Þess vegna erum við að teikna upp þetta lýðræðislega fyrirkomulag um aðkomu þeirra,“ segir Guðmundur Ingi.

Hann segir að sveitarfélögin muni áfram gefa út framkvæmda- og byggingarleyfi sé um slíkt að ræða og komi að gerð stjórnar- og verndaráætlunar sem verði síðan bindandi fyrir skipulag þeirra.

„Þar sem þau koma að gerð áætlananna og eru með meirihluta í umdæmisráðunum þá vil ég meina að við séum að tryggja aðkomu þeirra að skipulagsvaldi á svæðinu.“

Sú áskorun sem kannski sé stærst við verkefni sé hins vegar samspil verndar og orkunýtingar.

„Ég er hér að kynna frumvarp sem auðvitað er málamiðlun. Það vita allir sem mig þekkja að ég myndi ekki vilja ráðast í nýjar virkjanir á hálendi Íslands ef ég væri einráður. En ég vil geta búið til þann ramma að við vitum hvert við erum að stefna og sú málamiðlun sem ég tel góða felur það í sér að við drögum ákveðna línu í sandinn við þriðja áfanga rammaáætlunar.“

> **Þegar við erum bæði að tala um friðlýsingu á mjög stóru svæði og rammaáætlun þá eru skiptar skoðanir.**
>
> Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

Þannig verði heimilt að skoða þær virkjanir áfram sem Alþingi muni að lokum samþykkja í nýtingarflokk í 3. áfanga rammaáætlunar. Sett verði strangari skilyrði fyrir virkjanakosti en nú er og ekki verði hægt að koma með nýjar tillögur inn í framtíðarrammaáætlanir.

Stefnt er að framlagningu frumvarpsins á Alþingi í febrúar og segist ráðherrann bjartsýnn á að það muni ganga vel að koma því í gegnum þingið.

„Auðvitað eru mismunandi skoðanir um þessi mál. Þegar við erum bæði að tala um friðlýsingu á mjög stóru svæði og rammaáætlun þá eru skiptar skoðanir. En ég vil meina að hér sé búið að finna leið sem sé mjög góð lending með það hvernig við getum látið þessar áætlanir okkar tala saman með þeim hætti að það geti sem flestir vel við unað.“ **sighvatur@frettabladid.is**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM

BYKO

# Jóla ÚTSALA

**20-50% afsláttur**
af allri jólavöru

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Tilboð gilda 24. desember eða á meðan birgðir endast.



50% afsláttur

**Tilboðsverð**
**Laserljós**
Lýstu upp allt húsið með einu ljósi! Laser jólalýsing sem drífur allt að 7,5 metra
**3.497**
51880638
Almennt verð: 6.995



50% afsláttur

**Tilboðsverð**
**Ljósahringur**
hringur 45cm
**3.647**
51880356
Almennt verð: 7.295



35% afsláttur

**Tilboðsverð**
**Leiðishjarta**
með tímarofa. 18 LED perur. Rafhlaða fylgir ekki.
**5.846**
51880873
Almennt verð: 8.995

## Þú finnur jólagjöfina hjá okkur

Skoðaðu á byko.is




BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is



Einn fjölmargra fjarða Grænlands.

## Tvö myrt á Grænlandi

**GRÆNLAND** Tvö voru myrt í grænlensku þorpi í fyrrinótt og óskaði grænlenska lögreglan eftir aðstoð almennings við leit að morðingjanum. Maður sem kom að karli og konu á miðjum aldri í íbúð í þorpinu gerði lögreglu viðvart. Þau höfðu verið stungin til bana.

Grænlenskir miðlar birtu fréttatilkynningu frá lögreglunni um málið í gær. Þar er óskað eftir aðstoð þeirra sem gætu veitt upplýsingar sem leitt gætu lögreglu til hins seka.

Þrír danskir rannsóknarlögreglumenn eru komnir til Grænlands til að aðstoða heimamenn við rannsókn málsins. – aá



Sjanghæ, gamli og nýi bærinn.

## Háskólanemar í Kína ósáttir

**KÍNA** Kínverskir stúdentar við Fudon-háskóla í Sjanghæ hafa gagnrýnt harðlega nýlegar breytingar á stofnskrá skólans. Með breytingunum fékk ákvæði um hugsanafrelsið að fjúka úr stofnskránni en í staðinn hefur verið sett ákvæði um stuðning við Kommúnistaflokkinn.

Stuttu eftir að menntamálaráðherra landsins lýsti stuðningi við breytingarnar fóru þær eins og eldur í sinu á Weibo, vinsælum þarlendum samfélagsmiðli.

„Hvernig ætlist þið til að okkar kynslóð af Fudan-nemum horfist í augu við forvera okkar hér, ef ég dirfist að spyrja?“ spurði einn nemendanna í færslu á Weibo.

Fudan-háskólinn í Sjanghæ er meðal stærstu háskóla í Kína og þykir með þeim frjálslyndustu í landinu. – aá

# Handtökuskipun gefin út á Evo Morales

**BÓLIVÍA** Gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur Evo Moreles sem hrökklaðist úr embætti forseta Bólivíu í nóvember síðastliðnum. Embætti saksóknara í höfuðborg landsins gaf handtökuskipunina út í gær vegna gruns um aðstoð og stuðning við hryðjuverkastarfsemi.

Morales hefur þegar verið ákærður fyrir að bera ábyrgð á ofbeldishrinu sem dró 35 manns til dauða skömmu fyrir og eftir að hann hrökklaðist úr embætti.

Morales er í útlegð í Argentínu en hann kaus að dvelja þar þrátt fyrir að hafa fengið pólitískt hæli í Mexíkó. Hann neitar staðfastlega ásökunum á hendur sér.

**»** **Morales hefur þegar verið ákærður fyrir að bera ábyrgð á ofbeldishrinu sem dró 35 manns til dauða.**

Enn er eftir að kjósa nýjan forseta í Bólivíu og segist Morales styðja forsetaefni Sósíalistaflokksins sem hann tilheyrir en forsetaefni flokksins hefur enn ekki verið valið. Evo má ekki gefa kost á sér sjálfur en eftir langa valdatíð er hann sakaður um kosningasvindl eftir sigur í sínum fjórðu kosningum. Rannsókn Sambands Ameríkuríkja gaf þeim ásökunum byr undir báða vængi.

Völd Morales í heimalandinu eru sögð mikil þrátt fyrir útlegðina og bráðabirgðastjórnin í landinu hefur lýst áhyggjum af því að hann noti Búenos Aíres sem vígi til að byggja sig upp áður en hann snýr til baka. – aá



Morales safnar nú kröftum í Argentínu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leyfi veitt til rannsókna fyrir vindmyllugarð í Norðurþingi

**Fyrirtækið Quadran hefur fengið grænt ljós frá skipulags- og framkvæmdaráði Norðurþings fyrir uppsetningu veðurmasturs á Hólaheiði til rannsókna fyrir hugsanlegan vindmyllugarð. Tryggvi Þór Herbertsson er forsvarsmaður félagsins. Hann segir landeigendur og sveitarfélög jákvæðari en stjórnkerfið.**

**ORKUMÁL** Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings hefur samþykkt stöðuleyfi fyrir veðurathugunarmastri á Hólaheiði í Núpasveit. Fyrirtækið Quadran Development, sem er í eigu franskra aðila, mun setja það upp til að rannsaka aðstæður til þess að byggja vindmyllugarð. Þegar er fyrirtækið með veðurathugunarmastur í Sólheimum í Laxárdal í Dalasýslu.

Landeigendur á svæðinu, á bæjunum Katastöðum, Presthólum og Efri-Hólum, hafa þegar samþykkt að mastrið verði sett upp. Í vikunni samþykkti Samgöngustofa það einnig, með því skilyrði að það yrði merkt sérstaklega með tilliti til flugöryggis.

Tryggvi Þór Herbertsson, sem sér um fjárfestingar fyrir Quadran á Íslandi, segir að verið sé að athuga hvaða staðsetningar henti fyrir vindmyllugarð. Ef aðstæður á Hólaheiði reynast góðar gæti þar risið garður sem myndi hugsanlega skaffa um 60 megavött. Til samanburðar er það álíka mikið rafmagn og jarðgufuvirkjunin í Kröflu framleiðir. Veðurathuganirnar sjálfar og úrvinnsla gagna úr þeim taki þó um tvö ár.

Tryggvi segir að landeigendur og sveitarfélög séu almennt jákvæð gagnvart nýtingu vindorku. „Hins vegar er þetta kerfi sem við búum við þungt í vöfum. Enn hefur ekkert stoppað en þetta er ekki auðvelt,“ segir hann. „Kerfið er ekki mjög samvinnuþýtt þegar kemur að framkvæmdum. Skipulags- og umhverfismál geta reynst flókin og flutningskerfi raforku er mjög bágborið, eins og við höfum séð síðustu daga.“

Quadran var stofnað árið 2013 við samruna tveggja orkufyrirtækja, JMB og Aerowatt. Hefur það starfað í nýtingu endurnýjanlegrar orku, svo sem vindorku, sólarorku og vatnsorku. Quadran er með verkefni í gangi um allan heim, á ýmsum stigum rannsókna, fjármögnunar og framleiðslu. Auk Íslands starfar það meðal annars í Ítalíu, Póllandi, Brasilíu, Víetnam, Marokkó og Máritíus. Yfirlýst stefna Quadran er að framleiða samanlagt eitt gígavatt árið 2022 og bæta við sig 200 megavöttum á hverju ári eftir það.

„Fyrirtækinu er full alvara í því að byggja hér upp vindmyllugarð, eða -garða. Hvað verður úr þessu mun verða ljóst þegar rannsóknir liggja fyrir, hvort það fáist öll leyfi og svo framvegis. Það er ekkert fast í hendi,“ segir Tryggvi.

Fimm vindmyllur eru nú þegar á Íslandi, ein í Leirársveit, tvær í Þykkvabæ og tvær við Búrfell í Þjórsárdal. Þær síðastnefndu voru reistar sem tilraunaverkefni Landsvirkjunar árið 2013. Eiginlega vindmyllugarða, með tugum vindmylla er ekki að finna á Íslandi en hafa verið í umræðunni undanfarin ár.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Vindmyllur hafa verið settar upp við Búrfell í Þjórsárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Fyrirtækinu er full alvara í því að byggja hér upp vindmyllugarð, eða -garða. Hvað verður úr þessu mun verða ljóst þegar rannsóknir liggja fyrir.**



Tryggvi Þór Herbertsson, forsvarsmaður Quadran Development á Íslandi


Jól 2019



SIEMENS
**Uppþvottavél, 45 sm**
SR 415W00CS



10 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 65° C. Hljóð: 44 dB.
Jólaverð:
**89.900 kr.**
Fullt verð: 119.900 kr.

BOSCH
**Örbylgjuofn**
HMT 75G451



Frístandandi. 17 lítra. Mesti örbylgjustyrkur 800 W. Grill: 1000 W.
Jólaverð:
**25.900 kr.**
Fullt verð: 33.900 kr.



BOSCH
**Blandari**
MMB 42G0B
700 W. Einstaklega hljóðlátur.
Jólaverð:
**12.900 kr.**
Fullt verð: 17.500 kr.

**Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.**

**Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# LESUM MEIRA UM JÓLIN!




TILBOÐSVERÐ: 11.999.- Verð áður: 16.999.-

Síldarárin 1867 - 1969




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Tregasteinn




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Innflytjandinn




TILBOÐSVERÐ: 3.299.- Verð áður: 4.999.-

Draumaþjófurinn




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Þögn




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Kokkáll




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Aðventa




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Aðferðir til að lifa af




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.999.-

Helköld sól

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 19. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Tímamót í alnæmisbaráttunni

Snemma á árinu 2019 birtust tímamótafregnir í alnæmisbaráttunni. HIV-veiran greindist ekki lengur í breskum manni sem hafði verið með veiruna, eftir að stofnfrumur úr einstaklingi sem hafði sýnt náttúrulegt ónæmi fyrir veirunni voru græddar í hann.

Þetta er í annað skipti sem slík meðferð hefur læknað sjúkdóminn. Tim Brown, sjúklingur í Berlín, fékk fyrir tíu árum merggjöf frá gjafa sem var einnig með náttúrulegt ónæmi fyrir veirunni. Hann er fyrsti einstaklingurinn til að sigrast á HIV-veirunni og alnæmi.

Því er hægt að segja að ekki sé um frávik að ræða heldur raunverulega meðferðarnálgun. Örfáir einstaklingar eru með tvær stökkbreyttar gerðir af CCR5-viðtakanum sem veldur náttúrulegu ónæmi fyrir HIV-veirunni.



# Gott ár í vísindum og tækni

Vísindamenn víða um heim hafa látið til sín taka á árinu sem er að líða, sem endranær. Íslenskir vísindamenn létu heldur ekki sitt eftir liggja. Ingunn Lára Kristjánsdóttir stiklar hér á stóru í heimi merkra rannsókna og uppgötvana á þeim sviðum.



## Hljóðmerki í þorskseiðum

Íslendingar hafa veitt þorsk allt frá dögum landnáms og háð stríð um þorskinn en farhegðun hans hefur lítið verið rannsökuð og áhrif hennar á nýtingu og viðhald stofnsins.

Hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum er hljóðmerkjum komið fyrir í kviðarholi þorskseiða og hljóðdufl í Seyðisfirði notað til að nema merki frá þeim. Þetta er hluti af stórri rannsókn á hegðun þorska af fargerð og staðbundinni gerð. Þetta er gert til að skilja hvort farhegðun þorsksins ráðist af erfðum eða breytingum á umhverfi.

Seiðastigið er gífurlega mikilvægur tími fyrir þorsk en á fyrsta ári drepast allt að 98 prósent seiðanna. Það er því til mikils að vinna fyrir fiskveiðiþjóð að skilja hvernig seiðin dreifast og hvað hefur áhrif á dreifingu þeirra.




**UPPFINNINGAR ÁRSINS**
**Roybi**

Vélmennið Roybi kennir börnum á aldrinum þriggja til sjö ára að tala og reikna. Roybi er með gervigreind og mótar kennsluhætti sína eftir barninu. Það lærir á tilfinningar barnsins og getur sagt því sögur og sungið lög.

## Ketó og prump í krukku

Íslendingar eru forvitnir og leita svara við ýmsum ráðgátum heimsins á Vísindavef Háskóla Íslands. Fimm mest lesnu svörin á Vísindavef HÍ sem birtust árið 2019 voru við eftirfarandi

- Hvað er hægt að svelta líkamann lengi um kolvetni, t.d. á ketófæði?
- Hvers vegna hafa Gyðingar verið ofsóttir í gegnum aldirnar?
- Er hægt að varðveita prump í krukku?
- Hvers vegna afneita margir loftslagsbreytingum af mannavöldum?
- Hver er elsta ljósmynd af íslensku landslagi sem varðveist hefur?



## Þrívíddarprentað hjarta bjargaði lífi manns

Háskólinn í Reykjavík og Landspítalinn hafa unnið náið saman við þróun á þrívíddarprentun líffæra sem notuð eru við undirbúning skurðaðgerða.

Bjarni Torfason hjartaskurðlæknir greindi frá því í nóvember að slíkt líkan hefði bjargað lífi sjúklings. Um var að ræða 67 ára mann af Norðurlandi sem var á leið suður í skurðaðgerð en ófærð og vonskuveður töfðu sjúkraflutninga um 19 klukkustundir. Á þeim tíma gátu læknar undirbúið aðgerðina með því að æfa sig á nákvæmri eftirlíkingu af hjarta mannsins.

„Með því að geta deginum áður undirbúið aðgerðina þá verður hún markvissari og öruggari," sagði Bjarni.




## Nóbelsverðlaun í læknisfræði

William G. Kaelin, vísindamaður við Harvard-háskóla, Gregg L. Semenza, frá Johns Hopkins-háskóla, og Bretinn Peter J. Ratcliffe, frá Francis Crick-stofnuninni í London, hlutu Nóbelsverðlaunin í læknisfræði á þessu ári. Þremenningarnir hlutu verðlaunin fyrir að uppgötva hvernig frumur nema og laga sig að súrefnismagni.

Er uppgötvunin sögð leggja grunn að auknum skilningi á því hvernig súrefni hefur áhrif á efnaskipti og lífeðlisfræðilega starfsemi. Hún er einnig sögð hafa mikla þýðingu á ýmsum sviðum til dæmis í rannsóknum á háfjallaveiki, krabbameini, meðgöngu og því hvernig sár gróa. Einnig eru hún sögð geta haft jákvæð áhrif á framleiðslu lyfja til að koma í veg fyrir blóðskort vegna þrálátra nýrnasjúkdóma.

Vísindamennirnir þrír hlutu níu milljónir sænskra króna í verðlaunafé sem deilist jafnt á milli þeirra. Það samsvarar um 113 milljónum íslenskra króna.

# HVAÐ LEYNIST Í JÓLAPAKKANUM ÞÍNUM?

**20%** Pakkaafsláttur ef keypt eru skíði, bindingar og skíðaskór*

Í skíðadeild Útilífs í Smáralind er eitt mesta úrval landsins af skíða- og brettabúnaði og fullbúið skíðaverkstæði

**Rossignol Hero Pro**
70-90cm fyrir börn.
Verð m/bindingum **29.990** kr.

**Rossignol Passion**
fyrir konur.
Verð m/bindingum **64.990** kr.

**Rossignol Nova 6**
fyrir konur.
Verð m/bindingum **99.990** kr.

**Rossignol React R4 Sport**
fyrir karla.
Verð m/bindingum **92.990** kr.

**Rossignol Pursuit**
fyrir karla.
Verð m/bindingum **64.990** kr.

**Barna skíðapakkar** verð frá: 35.984 kr.

**Dömu skíðapakkar** verð frá: 79.984 kr.

**Herra skíðapakkar** verð frá: 87.984 kr.

**Nordica Sportmachine 65 W**
fyrir konur, verð **44.990** kr.

**Nordica Sportmachine 75 W**
fyrir konur, verð **49.990** kr.

**Nordica The Cruise 90**
fyrir karla, verð **44.990** kr.

**Rossignol Speed 100**
fyrir karla, verð **49.990** kr.

*Fylgstu með jóladagatali Útilífs á Instagram*

**Rossignol FUN GIRL J3**
fyrir börn, verð **17.990** kr.

**Nordica Speedmachine J 3**
fyrir börn, verð **19.990** kr.

**ÚTILÍF**
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

ÁRNASYNIR

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# TÆKNI- OG VÍSINDAANNÁLL



## Ljósmynd af svartholi

Stjörnufræðingar birtu í apríl fyrstu ljósmyndina af risasvartholi í miðju M87-vetrarbrautarinnar.

Verkefnið var afrakstur áratugalangrar vinnu við að tengja saman sjónauka um alla jörð.

Myndin sýnir skífu af efni í kringum myrkvaða miðju sem er skugginn af svartholinu sjálfu. Þetta kemur fullkomlega heim og saman við spár sem gerðar voru með afstæðiskenningu Einsteins.

Sævar Helgi Bragason, stundum kallaður Stjörnu-Sævar, varð fyrstur Íslendinga til að sjá myndina.



UPPFINNINGAR ÁRSINS

### Vatn úr lausu lofti gripið

Spáð er vatnsskorti í framtíðinni og hafa því uppfinningamenn fundið upp á ýmsu til að hreinsa vatn til að gera það drykkjarhæft. Ísraelska fyrirtækið Watergen kynnti í ár til leiks tækið Genny sem umbreytir raka í lofti í vatn þar sem sólarorka er nýtt til að keyra það áfram og þarf því ekki að tengja Genny við neitt.



## Ísland, Tunglið og Mars

Rannsóknarteymi frá bandarísku geimvísindastofnuninni NASA var hér á landi í ár til að prófa vél- og hugbúnað fyrir Mars-jeppa, sem á að nota í leiðangur NASA til Mars á næsta ári. Nemendur við HR voru rannsóknarteyminu til halds og trausts.

Jeppinn var prófaður í Lambahrauni en þar þykir aðstæðum svipa til þeirra sem eru á Mars. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem rannsóknarteymi NASA nýtir sér landslag Íslands í prófunum, en á sjöunda áratugnum kom hér rannsóknarteymi ásamt geimförum í æfingum fyrir Apollo-leiðangurinn til Tunglsins.

NASA stefnir einnig á að senda mann og konu til Tunglsins árið 2024 og hefur á þessu ári unnið með SpaceX og flugvélaframleiðandanum Boeing við að byggja stærstu eldflaug allra tíma. Frá Tunglinu verður svo stefnan tekin á Mars til að stofna fyrstu nýlendu mannkyns á annarri plánetu.




UPPFINNINGAR ÁRSINS

### Hamborgari ómöguleikans

Grænmetisborgari sem bragðast alveg eins og kjöt er nýjasta uppfinning fyrirtækisins Impossible Foods. Stöðugt fleiri minnka neyslu á dýraafurðum og fyrirtæki keppast við að framleiða besta gervikjötið.

## Nóbelsverðlaun í efnafræði




John B. Goodenough, M. Stanley Whittingham og Akira Yoshino hlutu Nóbelsverðlaunin í efnafræði í ár fyrir þróun á litínjónarafhlöðum.

Rafhlöðurnar eru einstakar að því leyti að þær byggja ekki á efnaskiptum sem brjóta niður rafeindir heldur byggja þær á litínjónum sem flæða á milli plús- og mínusskauts.

Rafhlöðurnar geta geymt mikið rafmagn og er það framleitt úr vind- og sólarorku sem stuðlar að jarðefnaeldneytislausu samfélagi, sem Whittingham hefur unnið að því frá því á áttunda áratugnum. Til þeirra hugmynda má rekja upphaf þróunar litínjónarafhlöðunnar.

Þess má geta að John B. Goodenough, sem starfaði við Texas-háskóla, er 97 ára gamall og elstur allra þeirra sem hlotið hafa Nóbelsverðlaun.

## Grundvallarspurningu um sögu alheimsins svarað

Vísindamenn staðfestu í ár tilvist nifteindastjarna og svöruðu á sama tíma einni grundvallarspurningunni um sögu alheimsins.

Hópur stjarnvísindamanna við háskóla og rannsóknastofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum fundu í fyrsta sinn sannanir fyrir því hvar þyngstu frumefnin í lotukerfinu verða til í alheiminum.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að þung sem og létt frumefni mynduðust við árekstur nifteindastjarna.

Meðal þeirra sem komu að rannsókninni var Kasper Elm Heintz, sem lauk doktorsprófi í stjarneðlisfræði undir leiðsögn Páls Jakobssonar frá Háskóla Íslands.



# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




by Lassen Copenhagen

LAKRIDS BY BÜLOW

normann COPENHAGEN

SKANDINAVISK

louis poulsen

ROSENDAHL

# TÆKNI- OG VÍSINDAANNÁLL

## Loftslagsváin og vatnsskortur

Síðsumars sendi Alþjóðaauðlindastofnunin frá sér alvarlega viðvörun. Ef við höldum áfram á sömu braut mun vatnsskortur blasa við fjórðungi jarðarbúa í sautján löndum.

Loftslagsváin, öfgar í veðurfari og breytingar á lífkerfum jarðar eru enn og aftur stærsta viðfangsefni vísindaheimsins í ár. Vísindamenn hvaðanæva úr heiminum hafa lengi varað yfirvöld við núverandi og yfirvofandi krísum og krafist aðgerða.

Þrátt fyrir vonarglætu eftir undirritun Parísarsáttmálans árið 2016 hefur nýafstaðin loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna sýnt fram á að allt of vægar aðgerðir hafa verið samþykktar og þær þjóðir sem eru meðal verstu mengunarvalda eru alls ekki að gera nóg til að snúa við blaðinu.

Langstærstu notendur vatns eru landbúnaðar- og matvælafyrirtæki og fer langmest vatn í að rækta fóður fyrir nautgripi. Ef vatn væri frekar nýtt í að rækta grænmetisfæði fyrir mannfólk væri hægt að koma í veg fyrir yfirvofandi vatnsskort og enn væri nóg vatn eftir til að gefa öllum þeim sem búa á uppþornuðum svæðum að drekka.

Talið er að vatn verði talsvert verðmætara í framtíðinni. Stríð síðustu áratugi hafa snúist að miklu leyti um olíu en því er spáð að í framtíðinni muni helstu stríð verða háð út af vatni.



## Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Þrír vísindamenn deildu Nóbelsverðlaunum í eðlisfræði fyrir tvær ólíkar uppgötvanir á þessu ári. Annars vegar hlutu þeir Michel Mayor og Didier Queloz verðlaunin fyrir uppgötvun á plánetu á braut um fjarlæga stjörnu og hins vegar hlaut James Peeble verðlaunin fyrir kennilegar uppgötvanir á eðli alheimsins.

Vísindamennirnir þrír deila á milli sín verðlaunafénu sem nemur níu milljónum sænskra króna, eða um 113 milljónum íslenskra króna.




# Gott ár í íslenskum vísindum

**Merkar rannsóknir á áföllum einstaklinga**

*Unnur Anna Valdimarsdóttir*, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, er í hópi fremstu vísindamanna heims á sínu sviði. Hún hefur lagt áherslu á að skilja betur þátt erfða í því af hverju sumir einstaklingar missa heilsu í kjölfar áfalla á meðan aðrir þolendur áfalla gera það ekki.



Hún stýrði á árinu rannsókn sem ber heitið Áfallasaga kvenna og unnin er í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu. Í henni hefur þegar komið fram að þriðjungur kvenna hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi í námi eða starfi. Í rannsóknum hennar hefur einnig komið fram að ótímabær dauðsföll séu algengari meðal kvenna sem misst hafa barn en annarra kvenna.

**Á lista yfir áhrifamikla vísindamenn**

*Jón Atli Benediktsson*, rektor Háskóla Íslands og prófessor í rafmagnsverkfræði, og *Kári Stefánsson*, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, voru á lista yfir áhrifamestu vísindamenn heims sem var birtur í nóvember.



Listinn, sem unninn er á vegum hins virta greiningarfyrirtækis Clarivate Analytics, nær til þess eins prósents vísindamanna innan hverrar fræðigreinar sem mest er vitnað til í vísindagreinum sem birtast í alþjóðlegum vísindatímaritum.



Jón Atli hefur helgað sig rannsóknum í fjarkönnun, mynsturgreiningu, vélrænu námi, stafrænni myndvinnslu, gagnabræðslu og lífverkfræði. Hann hefur einkum horft til þróunar aðferða við úrvinnslu fjarkönnunargagna fenginna með skynjurum frá flugvélum eða gervitunglum.

**Tók 32 ár að þróa flogaveikilyf**

*Sveinbjörn Gizurarson*, prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, hafði lengi unnið að gerð nefúða sem er ætlað að takast á við bráðaflogaveiki.



Flogaveikilyfið var tekið til formlegrar sölu í Bandaríkjunum á árinu. Reiknað er með að það auki mjög lífsgæði þeirra sem glíma við flogaveiki. Flogaveikilyfið á rætur að rekja til rannsókna Sveinbjörns og samstarfsfélaga sem hófust fyrir um 32 árum við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

**Öskjusig í eldfjöllum í tímaritinu Science**

Nú undir lok árs birtist grein eftir *Freystein Sigmundsson*, jarðvísindamann við Háskóla Íslands, í hinu heimsfræga riti Science þar sem hann varpaði ljósi á öskjusig í eldfjöllum. Ritstjóri Science bauð Freysteini að fjalla um þetta viðfangsefni sökum einstakrar þekkingar hans á þessu sviði. Greinin er birt til að dýpka sýn lesenda Science á öskjusig en Freysteinn gerir samanburð á gosinu á Hawaii á þessu ári og á atburðarásinni í Bárðarbungu og gosinu í Holuhrauni árin 2014 til 2015.



**Verðlaunaður fyrir heimspekiskrif um eðli vísindalegra framfara**

Rannsóknir *Finns Dellsén*, dósents í heimspeki við Háskóla Íslands, hafa að miklu leyti snúist um hvernig við öðlumst skilning og þekkingu á heiminum, sérstaklega í vísindum og með hjálp þeirra. Hann hefur meðal annars sett fram og rökstutt þá kenningu að vísindalegar framfarir felist í því að öðlast aukinn skilning á vísindalegum fyrirbærum fremur en til dæmis aukna þekkingu. Þessi „skilningskenning“ er nú meðal fjögurra helstu kenninga heimspekinnar um eðli vísindalegra framfara. Finnur hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs á árinu 2019 þar sem hann þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi.



**Fyrir samspil lofslagsbreytinga og jökla**

*Guðfinna Aðalgeirsdóttir* er prófessor við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands. Jöklafræðirannsóknir hennar hafa vakið athygli, en hún rannsakar jökla, afkomu þeirra, hvernig þeir flæða undan eigin þunga yfir landslagið og móta það, og hvernig jöklar bregðast við loftslagsbreytingum í fortíð, nútíð og framtíð. Vegna loftslags- og jöklabreytinga breytist hraði landupplyftingar og einnig sjávarstaða í kringum Ísland. Á árinu var tindur á Suðurskautslandinu nefndur í höfuðið á Guðfinnu. Erlendir samstarfsmenn hennar sem geta átt í basli með nafnið Guðfinna kalla hana gjarnan Tolly. Tindurinn heitir því Tolly Nunatak.



**Samspil skóga og loftslagsbreytinga**

Rannsóknir *Brynhildar Bjarnadóttur*, skógarvistfræðings og dósents við Háskólann á Akureyri, hafa vakið athygli. Hún hefur rannsakað samspil skóga og loftslagsbreytinga og mögulegrar nýtingar skógræktar til kolefnisbindingar.



Brynhildur hefur rannsakað loftslagsáhrif skógræktar á framræstu mýrlendi, en samspil þessara tveggja landnýtingaraðgerða er lítt þekkt. Vitað er að skógur bindur koltvísýring en framræsla á mýrlendi veldur losun á koltvísýringi. Þannig hefur til að mynda umtalsverð binding átt sér stað á koltvísýringi í asparskógi í framræstri mýri á Suðurlandi.

**Þróar sameindalyf fyrir krabbamein**

Rannsóknastörf *Baldurs Sveinbjörnssonar*, prófessors við læknadeild Háskólans í Tromsö í Noregi og við Krabbameinsspítalann í Ósló vöktu athygli á árinu. Líftæknifyrirtæki hans, Lytix Biopharma, þróar sameindalyf með þeirri óvenjulegu aðferð að sprauta því í krabbameinsæxli í stað skurðaðgerðar, geislameðferðar eða taka inntöku taflna. Umrætt lyf, sem kallast LTX-315, er enn í þróun en gæti hugsanlega komið á markað 2030.



# VINSÆLUSTU JÓLAGJAFIRNAR



-15%

**XIAOMI**
**M365 HLAUPAHJÓL**
- 250W, allt að 30km drægni
- 25km/klst hámarkshraði
- Tvöfalt bremsukerfi
- Ljós að framan og aftan

X1003 X1004

ÁÐUR: 68.995

**58.646**



**APPLE**
**AIRPODS**
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Allt að 24 klst. ending m. hleðsluhylki
- Siri raddstýring

MV7N2ZMA

**24.995**



**BOSE**
**NC 700 ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL**
- Allt að 20 klst. rafhlöðuending
- Google Assistant
- Útiloka umhverfishljóð

7942970100 7942970300 7942970400

**52.895**



**APPLE**
**IPHONE 11**
- 6,5" Liquid Retina skjár (828x1792)
- 2 bakmyndavélar með 4k upptöku
- Andlitsskanni og þráðlaus hleðsla

MWLT2AAA MWLU2AAA MWLV2AAA MWLW2AAA MWLX2AAA MWLY2AAA

**129.995**



**SONOS**
**ONE HÁTALARI**
- Þráðlaus tenging með WiFi
- Amazon Alexa raddstýring
- Tengist þráðlaust við aðra Sonos hátalara

22152 22153

**34.995**

## FÁÐU SKIPTIMIÐA

Við viljum að allar gjafir hitti í mark. Þess vegna má prófa gjafirnar heima og skila þeim til 24. janúar. Sjá skilmála á elko.is/skilarettur



**NINTENDO**
**SWITCH LITE**
- Ný og spennandi leikjatölva
- Switch fyrir fólk á ferðinni
- Allt innbyggt í létta ferðatölvu

SWILITEGREY SWILITEYELLOW SWILITEPOKEM

**39.995**



**APPLE**
**WATCH 5**
- Always on display
- Tvöfalt minni og öflugri örgjörvi
- Mjög nákvæmur hjartsláttarmælir
- Vatnshelt að 50 metrum

MU652SOA MU662SOA MU672SOA MU682SOA MU692SOA

**74.985**



**RAZER**
**DEATHADDER ESSENTIAL LEIKJAMÚS**
- 6400 DPI næmni
- Synapse 3 forrit fylgir
- 5 forritanlegir hnappar

RAZDAESSENTIA

**7.990**



**NUTRIBULLET**
**PRO BLANDARI**
- 900W blandari með öflugum hnífum
- 1,2 hestöfl og 25.000 snúningar/mín
- 700ml og 950ml mál og uppskriftir fylgja

JMLV2414

**19.995**



SKYLDUEIGN Á ÖLL HEIMILI

**FREEGO**
**HYPER MASSAGE PRO 2 NUDDBYSSA**
- Léttir á vöðvaspennu, stífleika og aumum vöðvum
- Rafhlöðudrifið, með 6 hausum
- Margar stillingar í boði

HMP2BLA HMP2GOL HMP2RED

**19.995**

ELKO






## DORMA HOME
Sængurföt

Sængurfötin frá DORMA HOME eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Þau eru með OEKO-TEX® vottun um að þau séu framleidd án allra skaðlegra efna. Sængurfötin koma í 7 mismunandi mynstrum/litum og fást í 3 stærðum.

Fullt verð 140 x 200 cm: **8.990 kr.**
Jólaverð aðeins: **6.900 kr.**

Fullt verð 140 x 220 cm: **10.990 kr.**
Jólaverð aðeins: **8.900 kr.**

Fullt verð 220 x 200 cm: **15.990 kr.**
Jólaverð aðeins: **11.900 kr.**

**SIMBA®**

Fallegir og vandaðir inniskór í tveimur litum frá Simba. Skórnir hafa innlegg með svæðanuddi sem eykur blóðflæði um allan líkamann upp í höfuð. Aukið blóðflæði getur slakað á stífum vöðvum í hálsi og á kviðsvæði sem í mörgum tilfellum hefur jákvæða áhrif á meltingu.

Dömustærðir 35-42
Herrastærðir 41-46.




**Aðeins 7.900 kr.**




## SB – DÚNSÆNG OG -KODDI

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 12.900 kr**

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 6.900 kr**

SCANDINAVIAN BEDDING

Sæng **9.900 kr.** Koddi **4.900 kr.**



**SIMBA®**

## SIMBA HYBRID®
heilsukoddi

6 laga heilsukoddi frá Simba. Stærð: 50 x 70 cm.

Aðeins **11.900 kr.**

## SIMBA HYBRID®
heilsukoddi með Outlast®

6 laga heilsukoddi frá Simba. Stærð: 50 x 70 cm.

Aðeins **15.900 kr.**

**OUTLAST**
Háþróað efni sem heldur jöfnum hita. Jacquard bómull í Hybrid koddanum.

**FÍNN DÚNN**
Lag af sérstaklega fíngerðum og mjúkum andadúni sem gefur koddanum náttúrulega öndun.

**HITASTÝRING**
3D hitastýringarefni sem tryggir hámarks öndun og loftflæði gegnum koddann.

**NANOTUBE TÆKNI**
Í miðjum koddanum er lag af smágerðum svampirörum. Þú getur stillt hæð og stífleika koddans með því að bæta í eða taka úr þessu lagi.

**MICROFIBRE**
Næst er lag af Microtrefjum sem gera þessa hlið koddans bæði mjúka, endingargóða og hentuga fyrir þá sem eiga við ofnæmi að stíða.

**JACQUARD BÓMULL**
Silkimjúk hágæða bómull með frábærri öndun 300 gsm.



**Afgreiðslutími til jóla**
19.–20. desember kl. 10-20
21.–22. desember kl. 11-20
23. desember 10-22
Aðfangadagur 10-13 (lokað Holtagörðum)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

# Fyrir þínar bestu stundir



## Sealy **PORTLAND**
heilsurúm með classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

PORTLAND dýnan frá Sealy® er vönduð og góð heilsudýna. Hún er millistíf með pokagormum. Dýnan er svæðaskipt og veitir fullkominn stuðning útfrá líkamsþyngd - mýkri þar sem þyngd er meiri eins og við axlir og mjaðmir.

Dýnan er samsett úr náttúrulegu Talalay latexi í bland við mismunandi gerðir svamps og trefja. Náttúrulegt Talalay latex eykur loftflæði og heldur þannig hitastigi dýnunnar ávallt réttu.

Áklæðið utan um dýnuna andar einstaklega vel og gefur henni aukna mýkt.

Ef þú vilt sofa vel skaltu koma og prófa Sealy® PORTLAND.

**Portland er nú á sérstöku kynningartilboði í DORMA.**

| Stærð í cm | Stök dýna | Fullt verð með botni og löppum | Kynningartilboð á PORTLAND |
|---|---|---|---|
| Portland 120x200 | 119.900 kr. | 156.800 kr. | 125.520 kr. |
| Portland 140x200 | 129.900 kr. | 169.900 kr. | 135.920 kr. |
| Portland 160x200 | 139.900 kr. | 184.900 kr. | 147.920 kr. |
| Portland 180x200 | 149.990 kr. | 199.990 kr. | 159.920 kr. |

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Þurfa að vera á tánum með uppgjörin

**Dómur Hæstaréttar í máli Eimskips gegn FME þýðir að skráð félög þurfa að vera á tánum í allri uppgjörsvinnu. Þurfa að bregðast hratt við ef innherjaupplýsingar myndast. Birting innherjaupplýsinga hefur aukist frá því að FME birti ákvörðun sína, segir lektor.**

„Nú er búið að taka af allan vafa um það að félög sem eru með fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar þurfa að vera á tánum í allri uppgjörsvinnu,“ segir Andri Fannar Bergþórsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, í samtali við Markaðinn.

„Það liggur fyrir að þegar drög að uppgjörum fela í sér innherjaupplýsingar þurfa félögin að bregðast hratt við, annaðhvort með því að taka ákvörðun um frestun á birtingu upplýsinganna ef skilyrði fyrir því eru fyrir hendi eða birta innherjaupplýsingarnar áður en uppgjörið sjálft er birt opinberlega.“

Hæstiréttur Íslands kvað í vikunni upp sýknudóm í máli Eimskipafélags Íslands gegn Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu. Forsaga málsins er sú að í mars 2017 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að beita Eimskip stjórnvaldssektum fyrir að hafa ekki birt opinberlega innherjaupplýsingar, sem Fjármálaeftirlitið taldi að hefðu komið fram í fyrstu drögum árshlutareiknings, eins fljótt og auðið var.

Upplýsingaskyldan sem deilt var um í málinu byggir á hugtakinu innherjaupplýsingar, en hugtakið gegnir einnig lykilhlutverki í banni við innherjasvikum. Upphaflega var hugtakinu aðeins ætlað að ná til banns við innherjasvikum en það breyttist þegar Markaðssvikatilskipun Evrópusambandsins, eða MAD, var innleidd í íslenskan rétt árið 2005.

„Innherjaupplýsingar geta verið þannig að þær lýsa einhverju sem hefur orðið, til dæmis samruna, en einnig er nóg að samrunaviðræður séu í gangi sem eru ekki endanlegar upplýsingar, það er að segja, atburðurinn hefur ekki átt sér stað. Í verðbréfaviðskiptalögum er takið fram að útgefanda beri að birta innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er eða taka ákvörðun um frestun á eigin ábyrgð. Það er í samræmi við orðalagið í MAD,“ segir Andri Fannar.

Eitt af þeim álitaefnum sem deilt var um í Eimskipsmálinu var hvort upplýsingaskyldan verði virk um leið og innherjaupplýsingar myndast, jafnvel þótt þær séu ekki endanlegar, eða hvort hún verði ekki virk fyrr en innherjaupplýsingarnar verði endanlegar, til dæmis þegar uppgjör er samþykkt af stjórn félags. Ástæðan fyrir ágreiningnum er sú að tímamark upplýsingaskyldunnar er útfært nánar í reglugerð en ekki verðbréfaviðskiptalögunum sjálfum. Reglugerðinni er meðal annars ætlað að innleiða aðra tilskipun frá Evrópusambandinu sem fjallar nánar um upplýsingaskylduna í MAD.

Í íslensku reglugerðinni er tekið fram að upplýsingaskyldan verði ekki virk fyrr en innherjaupplýsingarnar eru endanlegar. Ef miðað hefði verið við það hefði upplýsingaskylda Eimskips ekki orðið virk fyrr en stjórn félagsins hefði samþykkt uppgjörið. Túlkun Fjármálaeftirlitsins var hins vegar sú að ákvæði reglugerðarinnar sem lýsti tímamarki upplýsingaskyldunnar hefði ekki nægilega lagastoð og það leit þannig á að upplýsingaskyldan yrði virk um leið og innherjaupplýsingar mynduðust. Á öllum dómstólastigum var fallist á rökstuðning Fjármálaeftirlitsins.

„Í grein eftir mig frá 2013 rökstuddi ég þá niðurstöðu að upplýsingaskyldan verði ekki virk fyrr en innherjaupplýsingar eru endanlegar. Byggði ég meðal annars á því að Evrópulöggjöfin var mjög skýr hvað þetta varðar. Það má velta fyrir sér hvort niðurstaða Hæstaréttar hefði verið önnur ef tilskipunin sem útfærði tímamark upplýsingaskyldunnar hefði verið innleidd í verðbréfaviðskiptalögin en ekki reglugerð,“ segir Andri Fannar og nefnir að í Danmörku hafi umrædd tilskipun á sínum tíma verið innleidd í dönsku verðbréfaviðskiptalögin og því hafi enginn vafi leikið á því að upplýsingaskyldan virkjaðist þegar innherjaupplýsingar væru endanlegar.

Stefnt er að innleiðingu á Markaðssvikareglugerð Evrópusambandsins, MAR, sem ætlað er að leysa af hólmi MAD. Í MAR er tekinn af allur vafi um það að tímamörk upplýsingaskyldunnar eru þegar innherjaupplýsingar myndast hjá útgefanda. „Þó að hægt sé að gagnrýna túlkun Hæstaréttar núna þá er hún í samræmi við það sem koma skal,“ segir Andri Fannar.

**thorsteinn@frettabladid.is**



**Stefnt er að innleiðingu Evrópureglugerðar sem tekur af allan vafa um þessi mál.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Má spyrja hvort of langt sé gengið

Annað mikilvægt álitaefni sem skorið var úr um í dómi Hæstaréttar var tímamark upplýsingaskyldu þegar innherjaupplýsingar myndast í uppgjörsvinnu. Í verðbréfaviðskiptalögunum eru sérákvæði sem fjalla um upplýsingaskyldu útgefanda varðandi ýmsar fjárhagsupplýsingar, til dæmis ársreikninga og árshlutareikninga. Tímasetning á birtingu árshlutareikninganna byggir á dagatali sem útgefandi birtir opinberlega áður en nýtt fjárhagsár hefst.

Í Eimskipsmálinu sló Hæstiréttur því föstu að þegar innherjaupplýsingar myndast í uppgjörsvinnu útgefanda verði upplýsingaskyldan virk um leið og upplýsingarnar myndast og því ekki hægt að bíða fram að birtingu alls uppgjörsins samkvæmt fjárhagsdagatalinu.

„Ég myndi segja að þetta hafi ekki verið augljóst fyrir Eimskipsmálið við hvort tímamark ætti að miða við þessar aðstæður. Greina má töluverða aukningu í birtingu innherjaupplýsinga sem myndast í uppgjörsdrögum útgefanda frá því að Fjármálaeftirlitið birti opinberlega ákvörðun sína um að beita Eimskip stjórnvaldssektum. Framkvæmdin virðist vera í samræmi við núgildandi reglur, sem byggja á löggjöf frá Evrópusambandinu, en það má spyrja sig hvort gengið sé of langt í að skylda útgefendur til að birta innherjaupplýsingar.“ segir Andri Fannar.

> **Þó að hægt sé að gagnrýna túlkun Hæstaréttar núna þá er hún í samræmi við það sem koma skal.**



Andri Fannar Bergþórsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík





Kjörís
Ísveisla
Gómsæt
PARTÍ
BOMBA
VANILLUÍSTERTA
MEÐ SÚKKULAÐISKEL,
KARAMELLUSÓSU & MARENSBOTNI
ÍSVEISLAN
FRÁ KJÖRÍS ER TILVALIN
ÞEGAR GERA SKAL
GÓÐA VEISLU
BETRI!
Frábært að bæta á
saltkaramellusósu
frá Kjörís
– TILLAGA AÐ FRAMREIÐSLU –
ÍSVEISLAN SEM SAMANSTENDUR AF VANILLUÍS,
SÚKKULAÐISKEL, KARAMELLUSÓSU OG MARENSBOTNI PRÝÐIR HVERT VEISLUBORÐ
– OG KJÖRIÐ ER AÐ GLEÐJA AUGAÐ ENN FREKAR
MEÐ FERSKUM BERJUM & MINTULAUFUM.
1 LÍTER – ca 6 skammtar

# Steikin, vínið og bólgueyðandi ...

Doktor.is





Jólin eru tíminn þegar fleiri en færri borða meira en venjulega. Oftar en ekki er um að ræða kjöt þó að fiskurinn sé alltaf að verða vinsælli. Þá eru býsna margir sem þykir gott að fá sér aðeins í tána og drekka gott vín með matnum, jafnvel fá sér fordrykk, þá er ekki óalgengt að einstaka fái sér koníak með kaffinu. Eflaust fara margir yfir strikið í bæði mat og drykk, en hvaða máli skiptir það svosem þegar manni líður vel? Hægt er að velta upp mörgum tegundum af matseðlum og hver og einn á sinn uppáhalds geri ég ráð fyrir.

Sú sem líklega væri vinsæl hjá þvagsýrugigtarpúkanum og líka hjá veitingamönnum víða um heim er algjör lúxusfæða. Hvítlauksristaður og smjörsteiktur humar sem forréttur, nautalund með ferskum grilluðum aspas, fylltum sveppum og bearnaise. Þessu fylgjandi að sjálfsögðu vín sem passa við hvern rétt, frönsk súkkulaðikaka með rjóma og tvöfaldur espresso. Þessi samsetning alveg steinliggur fyrir þá sem eiga á hættu að fá þvagsýrugigtarkast, því miður. Sama gildir reyndar um villibráðina að hluta og svo ekki síst hamborgarhrygginn og reykta kjötið almennt líkt og hangikjötið. Þeir eru ófáir einstaklingarnir sem hafa vaknað um miðja nótt við nístandi sársauka, jafnvel brunatilfinningu, og geta með engu móti legið kyrrir undir sænginni vegna verkja. Algengast er að fá þvagsýrugigtarkast í lið stórutáar en það getur svosem verið hvaða liður sem er sem bólgnar upp. Eymslin eru svo mikil að það má varla koma við húðina yfir bólgna liðnum, hvað þá nota hann og stíga í. Algengara er að karlar á miðjum aldri fái slík köst, en konur eftir tíðahvörf er hópur sem ætti mögulega líka að vara sig á humri og nautalund á sama kvöldi.

En hvað er það sem gerist við slík köst? Þessir einstaklingar eru ekki með neina gigt í sjálfu sér en fá samt gífurlega bólgu í liði sem getur tekið margar vikur að ganga til baka. Skýringin er margþætt en í grunninn falla út kristallar í þá liði sem bólgna upp í kjölfar þess að þvagsýra safnast upp í líkama viðkomandi. Undir venjulegum kringumstæðum myndast þvagsýra við ákveðin efnaskipti og nýrun sjá um að losa hana út án þess að við finnum mikið fyrir því. Ef nýrun virka ekki sem skyldi eða við framleiðum of mikið af þvagsýru aukast líkurnar á því að fá kast.

Lífsstíll, mataræði og ýmsir sjúkdómar geta ýtt undir þetta ástand, en þar ber einna helst að telja neyslu á dýrapróteinum, fitu, ákveðnum tegundum grænmetis, einföld kolvetni, ger, áfengisneyslu og þá sérstaklega bjór og reykingar. Þeir sem þjást af háum blóðþrýstingi, sykursýki og svokölluðum lífsstílssjúkdómum auk krabbameina eru í meiri áhættu. Svelti og ofþornun auk vissra lyfja eru einnig áhættuþættir svo það er ýmislegt sem ber að varast.

Greiningin er fyrst og fremst klínísk hjá þeim sem koma í kasti til læknis og þurfa nauðsynlega á lyfjum að halda til að tækla svæsinn verkinn sem fylgir bólgunni. Yfirleitt er einnig reynt að mæla þvagsýru í blóði og fá staðfestingu. Sumir fá bara einu sinni kast, en flestir fá ítrekað einkenni og þurfa nákvæmar leiðbeiningar um hvað beri að forðast auk þess sem margir fá lyf í forvarnarskyni. Ýmsar leiðir eru færar til að meðhöndla köstin sjálf, en þær byggja fyrst og fremst á bólgueyðandi og verkjastillandi lyfjum. Hjá velflestum næst mjög viðunandi árangur og ekki verða neinar langtímaafleiðingar, þó er þekkt að fá húðbreytingar, útfellingar í festum og sinum auk þess að geta myndað nýrnasteina.

Það er því almennt mælt með hollu, trefjaríku fæði, ríkulegri neyslu á vatni, að draga úr áfengisneyslu og tóbaksnotkun, hreyfa sig reglubundið og draga úr álagi og streitu. Það rímar við hið fornkveðna að halda góðu jafnvægi milli líkama og sálar, en matur er reyndar stór þáttur í því. Að þessu sögðu þá njótið jólanna.

Teitur Guðmundsson
læknir


KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

## Opnunartímar
## Kirkjugarða Reykjavíkur um jólin

Á aðventunni, um jól og áramót eru Fossvogskirkjugarður, Gufuneskirkjugarður, Kópavogskirkjugarður og Hólavallagarður opnir allan sólarhringinn nema **Fossvogskirkjugarður er lokaður fyrir allri bílaumferð á aðfangadag milli kl 11:00 og 14:00 vegna mikils fjölda gangandi og slysahættu.**

Þeir sem ekki geta vitjað leiða ástvina sinna nema koma akandi er bent á að koma annað hvort fyrir eða eftir tilgreindan lokunartíma.

Ökumönnum er bent á bílastæði við Fossvogskirkju, Suðurhlíð og Vesturhlíð. Á Þorláksmessu og aðfangadag er hringakstur í Gufuneskirkjugarði með aðkomu eingöngu frá Hallsvegi og farið er út norðan megin inn á Borgaveg eins og verið hefur.

Símavarsla verður á skrifstofu Kirkjugarðanna á aðfangadag og gamlársdag frá kl. 08:00 - 12:00 í síma 585 2700 fyrir þá sem þurfa að leita upplýsinga og aðstoðar.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **www.gardur.is**

Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
**www.kirkjugardar.is**




**Fyrsta nýrnaígræðslan hér á landi var árið 2003.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hófu ígræðslu nýrna úr látnum líffæragjöfum

**LÆKNISFRÆÐI** Í haust hófst nýr kafli í nýrnaígræðslum á Landspítalanum þegar fyrstu ígræðslurnar höfust þar sem grætt var líffæri úr látnum íslenskum nýrnagjöfum.

Fram kemur í frétt frá Landspítalanum að slíkar aðgerðir séu mun einfaldari en aðgerðir þar sem gjafinn er lifandi og er það talið til marks um að spítalinn sé í fremstu röð.

Íslendingar hafa árum saman gefið úr sér líffæri, þar á meðal nýru, en landsmenn hafa gefið mun fleiri líffæri en koma að notum hér á landi.

Fram til þessa voru Íslendingar sendir utan í ígræðslur. Í fréttinni segir að fyrsta ígræðslan í Íslending hafi verið gerð í Lundúnum árið 1970 og er sá nýrnaþegi enn í fullu fjöri og nýtir enn nýrað sem gefið var, nær 50 árum síðar. Segir jafnframt að fyrsta nýrnaígræðslan hér á landi hafi farið fram árið 2003 og var þá grætt nýra úr lifandi gjafa. Upp frá því hafa 115 ígræðslur verið gerðar hér á landi. Þess er jafnframt getið að um þessar mundir geri íslensk lög ráð fyrir að allir Íslendingar séu líffæragjafar, hafi þeir ekki ákveðið annað og skráð.

Nýrnaígræðslur eru algengustu líffæraígræðslurnar, en fimmtán til tuttugu Íslendingar þurfa þeirra með árlega. Þá segir að þeir séu mun færri sem þurfa á ígræðslu að halda þegar kemur að lifur, lungum eða hjarta. – jþ

> **Fyrsta ígræðslan í Íslending var gerð í Lundúnum árið 1970 og er sá nýrnaþegi enn í fullu fjöri og nýtir enn nýrað sem gefið var, nær 50 árum síðar.**


BANG & OLUFSEN
BeoPlay
H9 3rd gen
73.000,-
BeoPlay
E8 2.0
52.500,-
BeoPlay A1
38.000,-
BeoPlay M5
85.000,-
BeoPlay P6
55.000,-
A9 MK-IV REYKT EIK, + Bronze MK-IV BRONZE
395.000,-
A9 MK-IV SVARTUR og MK-IV HVÍTUR
365.000,-
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BANG-OLUFSEN.COM
BANG & OLUFSEN
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ORMSSON.IS
Bang & Olufsen á Íslandi
ORMSSON



**Helgrindur kljúfa Snæfellsnes í tvennt eftir endilöngu og standa undir nafni sem hrikalegur fjallgarður.** MYNDIR/ÓMB

# Himneskar Helgrindur

**Tómas Guðbjartsson**
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi
og **Ólafur Már Björnsson**
augnlæknir og ljósmyndari

Ofan Grundarfjarðar á Snæfellsnesi er hrikalegur fjallgarður sem heitir því kuldalega nafni Helgrindur. Þarna er oft stórviðrasamt og í mestu hvassviðrum hvín í þeim eins og fölsku pípuorgeli og geta lætin heyrst alla leið niður í Grundarfjörð. En þótt nafnið sé fráhrindandi þá er ganga á Helgrindur frábær upplifun í góðu veðri og ekki eru Grindurnar síðri fyrir þá sem stunda vetrarferðir og fjallaskíði. Algengast er að hefja gönguna við bæinn Kálfárvelli, rétt áður en komið er að Búðum. Gengið er meðfram Kálfá austan megin en í henni er fallegur foss. Fyrsta brekkan er býsna brött og því skynsamlegt að notast við stafi og í vetrarferðum mannbrodda og ísöxi. Þegar brekkan er að baki tekur við nokkuð aflíðandi Kálfárdalur með litlum fossum og smátjörnum. Smám saman eykst brattinn og þá opnast stórkostlegur fjallasalur sem skartar fjöllum eins og Stakkfelli, Kambi og Erninum. Í vestri gnæfir síðan sjálfur Snæfellsjökull (1.485 m). Haldið er í norður upp brekkur Helgrinda uns komið er að hæsta tindinum, Böðvarskúlu (988 m). Þarna blasir Breiðafjörðurinn við í öllu sínu veldi en ekki er síður tilkomumikið að sjá Kirkjufellið og Grundarfjörð og til austurs glittir í Kolgrafarfjörð. Skammt frá Böðvarskúlu er skarð þar sem hægt er að renna sér á fjallaskíðum niður norðurhlíðar fjallsins, jafnvel alla leið að fossinum fræga við Kirkjufell. Þetta er með eftirminnilegri fjallaskíðabrekkum á Íslandi en á sumrin er þetta sömuleiðis frábær gönguleið. Flestir kjósa þó að ganga sömu leið til baka af Helgrindum að Kálfárvöllum, eða halda í vestur og norður af Böðvarskúlu og þaðan meðfram fjallinu Kaldnasa (986 m) uns komið er í hömrum girtan Lárdal sem leiðir að þjóðveginum skammt frá Kvíárbryggju. Það eru ekki nema tæpir 15 km að þvera Snæfellsnes yfir Helgrindur og tekur daginn með 1.000 m hækkun. Ekki er ráðlegt að halda á Helgrindur nema veðurspá sé góð, enda fjallið mikið veðravíti eins og nafnið gefur til kynna. En í góðu veðri eru fáir staðir sem bjóða upp á annað eins landslag og útsýni – og örstutt í himnaríki.



Fókus á hjarta landsins



**Ofan af Helgrindum fæst frábært útsýni yfir Kirkjufell og Grundarfjörð.**



**Á veturna eru Helgrindur ísilagðar og minna helst á frystikistu.**

# ÁSKRIFT GERIR TÖLURNAR ÞÍNAR ÓGLEYMANLEGAR!

SKELLTU HAPPATÖLUNUM ÞÍNUM Í ÁSKRIFT ÞVÍ
ÞÁ ERU ÞÆR MEÐ Í LEIKNUM SAMA HVAÐ Á DYNUR.
ÞÚ GREIÐIR FAST MÁNAÐARGJALD ÞANNIG AÐ ÞEGAR
ÞAÐ ERU FIMM LAUGARDAGAR Í MÁNUÐINUM ÞÁ
BORGAR ÞÚ BARA FYRIR FJÓRA!

GRÆJAÐU ÁSKRIFTINA Á LOTTO.IS
EÐA HRINGDU Í SÍMA 580 2500

Lottó
LEIKURINN OKKAR

Í SAMSTARFI VIÐ
VALITOR

# SKOÐUN

## Þjáningin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Allir einstaklingar sem einhvern tíma hafa horft upp á langdregið dauðastríð manneskju sem þeim þykir vænt um hljóta að kannast við óskina um að hún fái að deyja fyrr en síðar. Vonlaust er um bata og lífinu er í raun lokið. Jafn sárt og það er að kveðja þá er dauðinn í þessum tilvikum blessun fyrir þann sem þjáist. Ekki er þó víst að sá dauðveiki sé á þeirri skoðun. Hann ætlar sér að berjast, jafnvel þótt baráttan sé vonlaus. Það er hans val. Það er einnig val ef manneskja í þessari stöðu segir: Nú er nóg komið, ég vil fá að fara. Það val ber einnig að virða. Ef einstaklingur er í dái og getur ekki tjáð sig en vitað er að hann hefði aldrei viljað að sér væri haldið á lífi í vonlausri aðstöðu þá á sömuleiðis að virða það og leyfa honum að kveðja,

Það eru öruggt þessar myndir sem Íslendingar hafa í huga þegar þeir segjast í skoðanakönnunum vera hlynntir dánaraðstoð. Þeir sjá sjálfa sig í þeim sporum að liggja fyrir dauðanum, eiga enga von um bata en vera samt haldið á lífi. Hugsunin er þessi: Þegar svo er komið vil ég fá að fara. Þetta er fullkomlega eðlileg ósk sem ætti að vera hægt að uppfylla. Og vissulega er það oft gert á sjúkrahúsum landsins. Vonlausri meðferð er hætt. Slökkt er á tækjum sem halda viðkomandi á lífi. Ekki getur það flokkast sem grimm lausn. Þvert á móti er hún mannúðleg.

Það er sjálfsagt að manneskja sem þjáist í vonlausri baráttu fyrir lífi sínu fái sjálf að ákveða að nóg sé komið. Þetta er hennar líf, hennar þjáning. Vissulega er hægt að dæla í hana lyfjum, koma henni í dá svo að hún finni ekki fyrir kvölum, en um leið finnur hún heldur ekki fyrir neinu öðru. Hún er lifandi dauð. Manneskja sem vill deyja með reisn getur ekki hugsað sér neitt skelfilegra en að lifa þannig.

Það er ekki hægt að flýja dauðann. En stundum er blessunarlega hægt að ráða því hvenær hann kemur. Það er skelfilegt hlutskipti fyrir einstaklinga að þurfa að hafast við í biðstöð dauðans og þjást þar vegna harðrar andstöðu við að þeir fái að yfirgefa þennan heim, eins og þeir sjálfir óska. Við lifum í þjóðfélagi þar sem stöðugt er minnt á að einstaklingur ráði yfir eigin líkama. Af einhverjum ástæðum þykir þetta ekki eiga við þegar einstaklingur sem þjáist óbærilega þráir ekkert heitar en að fá að kveðja þetta líf.

Árið 2015 sýndi skoðanakönnun að um 75 prósent svarenda væru hlynnt dánaraðstoð. Stuðningur hefur aukist síðan þá en í nýlegri könnun Lífsvirðingar, félags um dánaraðstoð, segjast tæplega 78 prósent aðspurðra styðja dánaraðstoð. Þetta er há tala, líkt og í fyrri könnun. Heilbrigðisstéttir eru þó tregar til að sýna málinu stuðning, máli sem snýst um rétt einstaklings til að taka ákvörðun um eigið líf. Dánaraðstoð snýst ekki um einhverja duttlunga heldur um ástand þar sem engin lækning er möguleg og lífið er orðið óbærilegt.

Dánaraðstoð ætti að lögleiða hér á landi, enda er hún mannréttindamál.

**Þeir sjá sjálfa sig í þeim sporum að liggja fyrir dauðanum, eiga enga von um bata en vera samt haldið á lífi.**


**Tannlækningar í Ungverjalandi**

**Sparaðu allt að 50-70%!**







**Hafðu samband:**
**+ 36 70 942 9573**

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Hrossaþjófnaður**

**Þegar Sigmundur Davíð yfirgaf Framsóknarflokkinn haustið 2017 hrifsaði hann með sér stóran hluta af fylginu, frambjóðendum og fulltrúum. Nú kemur í ljós að hann tók einnig með sér hugverk. Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður og ráðherra, greinir frá því að hann hafi átt hugmyndina að hestsmerkinu þegar til tals kom að breyta merki Framsóknarflokksins árið 2001. Brá honum illilega að sjá Miðflokksmenn flagga hinu hvíta hrossi og enn verra var að það hafði verið skrumskælt. Guðni sá fyrir sér alíslenskan fák, en ekki erlent klippi-hryðjuverk. Þrátt fyrir að vera með unnið höfundarréttarmál í höndunum lét hann þessa ósvinnu átalda og henti frekar gaman að því eins og honum er einum lagið.**

**Ekki flókið**

**Innhringihetjur Útvarps Sögu ráða sér vart fyrir kæti vegna sigurs Boris Johnson. Hallur Hallsson var gestur Péturs Gunnlaugssonar á Sögu. Þetta er ekki flókið hjá Halla. Boris hafi skorið á rembihnútinn Brexit. Fólk hafi orðið afhuga ESB vegna glóbalismans. Hætt er við að það heyrist hljóð úr horni þegar Boris þarf að gera umfangsmikla viðskiptasamninga við evrópsku glóbalistana. Ekki bætir úr skák þegar Skotar krefjast lausnar undan kúgun miðstjórnarvalds Englendinga. Þá vandast málið.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Engar skítareddingar – takk!



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Sambúð okkar við náttúruna er gjöful, undursamleg og mögnuð en á sama tíma óbilgjörn, stormasöm og öfgakennd. Hún gefur okkur kraft, orku og ólýsanlega fegurð en á sama tíma getur hún tekið frá okkur kraft, skapað ótta og óöryggi. Óveðrið sem geisaði í síðustu viku kom ekki á óvart. Við því hafði verið varað. Þetta var ekki fyrsti stormurinn sem við höfum mætt og ekki sá síðasti. Það er ljóst.

Viðbragðsaðilar um allt land eiga hrós skilið fyrir það þrekvirki sem þeir unnu. Veikleikar raforkukerfisins komu heldur ekki á óvart enda búið að vara við þeim ítrekað síðustu áratugina. Sums staðar á Norðurlandi var vitað að ekkert varaafl væri til staðar, að tengivirki væru ekki yfirbyggð með tilheyrandi áhættu og að rafmagnslínur sem lögðust niður, eins og á Dalvík, væru ekki í takti við orkuöryggi 21. aldarinnar. Allt var þetta vitað. Þess vegna var lítil reisn yfir viðbrögðum ákveðinna ráðherra Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þessara sömu flokka sem hafa meira og minna borið ábyrgð á orku- og byggðamálum frá lýðveldisstofnun. Í stað þess að þjappa þjóðinni saman þá kepptust þeir við að etja fólki og landshlutum saman. Reynt var að reka fleyg á milli hópa, í stað þess að sameina þá og finna lausnir. Segja skýrt að við erum ein þjóð í einu landi. Að það sé á okkar allra ábyrgð að tryggja öryggi fólks og fyrirtækja.

Átakshópur hefur nú verið skipaður sem á að kortleggja ástandið. Sem er fínt. Sá hópur má ekki enda sem átakahópur þótt nálgun sumra ráðherra bjóði þeirri hættu heim. Afgerandi forgang þarf um málið. Fjármagnið til uppbyggingar raforkuöryggis er ekki vandamál, líkt og ráðherrar hafa bent á.

Þjóðin á það inni hjá okkur sem störfum í stjórnmálum að við lítum í eigin barm og spyrjum okkur hvað við getum gert til þess að tryggja að farið verði í raunverulegar aðgerðir en ekki skítareddingar. Hér þurfum við einfaldlega að vera í sama liði og gera betur.

**Fjármagnið til uppbyggingar raforkuöryggis er ekki vandamál, líkt og ráðherrar hafa bent á.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þetta er makríllinn okkar, strákur



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar



Í grein sinni í Fréttablaðinu í gær ásakar Sigurgeir B. Kristgeirsson mig um óheiðarleika í samanburði mínum á verði makríls á Íslandi og í Noregi og síðan heldur hann því fram að ég saki útgerðarmenn um að hlunnfara sjómenn og sveitarfélög og stela undan skatti. Ég vil árétta eftirfarandi:

Ég hef engan samanburð gert á verði makríls á Íslandi og í Noregi heldur einungis vitnað í samanburð sem Verðlagstofa skiptaverðs birti. Sá samanburður sýnir að 2018 var verðið í Noregi þrisvar sinnum hærra en á Íslandi. Ég hélt því fram og geri enn að þjóðin eigi rétt á skýringu á þessum mun vegna þess að hún á þennan makríl. Ég benti á að í þessum verðmun gæti leynst alls konar svínarí en sagði jafnframt að ég vonaði að svo væri ekki, en það þyrfti að rannsaka málið til þess að tryggja hagsmuni þjóðarinnar. Í grein sinni segir Sigurgeir: „Með nákvæmari heimavinnu, gúggli og kannski símtali við japanskan vin hefði Kári getað fengið upplýsingar um makrílverð í Japan. Þá vissi hann nú að verð á markíl í stærri og verðmeiri flokkum sveiflaðist á tímabilinu um 160-360 jen á kílóið.“ Hvernig stendur þá á því að árið 2018 var verð á makríl sem var landað á Íslandi það sama allt árið um kring? Á því voru engar sveiflur. Ein möguleg skýring á því er að það hafi verið verðsamráð meðal kaupenda á Íslandi, sem við skulum vona að hafi ekki verið.

**Það er hámark ósvífninnar þegar fulltrúi þeirra heldur því fram að það felist óheiðarleiki í því að fara fram á að það sé rannsakað, þegar það kemur í ljós að það lítur út fyrir að þjóðin sé að fá minna fyrir sinn snúð en hún heldur að hún eigi skilið.**

Útgerðarmenn eru að höndla með verðmæti sem þjóðin á fyrst og fremst. Það er hámark ósvífninnar þegar fulltrúi þeirra heldur því fram að það felist óheiðarleiki í því að fara fram á að það sé rannsakað, þegar það kemur í ljós að það lítur út fyrir að þjóðin sé að fá minna fyrir sinn snúð en hún heldur að hún eigi skilið.

# Listin að lifa er mikil list og línudans hjá mörgum



Hjördís Björg Kristinsdóttir
eldri borgari

Engin ánauð er verri en að vera eigin þræll. – Seneca

Eftir að hafa lesið þessi rituðu orð Seneca hér fyrir ofan, datt ég inn í smá jólahugleiðslu.

Fór að hugleiða í morgunsárið, erum við okkar eigin þrælar, eða mammons, jafnvel beggja?

Erum við svo upptekin við að dansa kringum gullkálfinn að við gleymum tilgangi jólanna? Það virðist svo, að gjafirnar séu í fyrsta sæti hjá of mörgum en sem betur fer er samvera með þeim sem okkur eru hjartkærust enn í fyrsta sæti hjá öðrum hópi. Þegar litið er til baka eftir einhver ár, og við setjumst niður til að skoða „gamlar“ jólamyndir, hvort ætli veki þá upp betri minningar og þakklæti að sjá fánýtar gjafir, eða sjá ástvini og fjölskyldumeðlimi á myndunum? Sjá hvað börnin, barnabörnin og jafnvel barnabarnabörnin hafa stækkað og líta yfir farinn veg með þessum elskum. Þar er stórfjölskyldan saman komin til að gleðjast saman og leggja þannig sitt af mörkum inn í minningasjóðinn, sem er besti og dýrmætasti sjóðurinn.

**Mín niðurstaða, eftir þessa morgunhugleiðslu er sú að gjafakaup og peningaeyðsla, sem virðist vera að kaffæra suma á þessum árstíma, sé lítils virði. Svo ég minnst nú ekki á þau ósköp, þegar þannig er komið, að einhvers konar keppni myndast um hver gefur dýrustu og stærstu gjöfina.**

En svo söknum við einnig þeirra sem hafa kvatt þennan heim, og ekki koma oftar í jólagleði stórfjölskyldunnar. Mín niðurstaða, eftir þessa morgunhugleiðslu er sú að gjafakaup og peningaeyðsla, sem virðist vera að kaffæra suma á þessum árstíma, sé lítils virði. Svo ég minnst nú ekki á þau ósköp, þegar þannig er komið, að einhvers konar keppni myndast um hver gefur dýrustu og stærstu gjöfina. Elskurnar mínar, munum hvað gefur okkur mestu og dýrmætustu jólagjöfina, það er að geta sýnt kærleikann með því að gefa okkur tíma til að njóta samverustunda með þeim sem okkur eru kærastir. Deili þessari smá jólahugleiðingu með ykkur kæru landsmenn, þegar styttist í að við fögnum að jólahátíðinni.



# Landslag og loftslagsvá



**Björk Guðmundsdóttir**
landslagsarkitekt FÍLA, IFLA-fulltrúi og stjórnarmeðlimur FÍLA

Frá síðari hluta 20. aldarinnar hafa breytingar á veðurfari orðið áþreifanlegar um allan heim og haft áhrif á umhverfið hraðar en fyrri breytingar. Þessi áhrif munu umbreyta landsvæðum, líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum og valda umbreytingu á hvernig við lifum og nýtum okkur landslag. Loftslagsaðgerðasinninn Greta Thunberg er á allra vörum og er jafnvel talað um að hún geti haft úrslitaáhrif á þróun heimsmála. Greta vekur ekki bara athygli fyrir að vera ung og hugrökk, með ákveðnar skoðanir og að segja þær upphátt, heldur er hún líka kvenkyns. En það var einnig annar frumkvöðull fyrir umhverfishreyfingu sem fór af stað snemma á sjöunda áratugnum – árið 1962 gaf bandaríska vísinda- og náttúruverndarkonan Rachel Carson út bókina Silent Spring eða Raddir vorsins þagna. Það verk leiddi til mikillar umhverfisvakningar bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Þetta verk fjallaði um niðurstöður ítarlegra rannsókna Carson á breiðvirkum skordýraeitrum, hörmulegum áhrifum þeirra á vistkerfi og blekkingarleik efnaframleiðenda og lýsir mynd sem blasir við með áframhaldandi atferli manna sem byggir á hámarksnýtingu auðlinda náttúrunnar til að mæta neyslumynstri okkar og kapítalísku efnahagskerfi. Sagan hefur tilhneigingu til að endurtaka sig, Greta og Rachel eiga það báðar sameiginlegt að hafa átt mjög stóran þátt í að vekja almenning til umhugsunar um áhrif mannsins á umhverfi sitt og báðar hafa orðið fyrir hörku og aðför vegna skoðana sinna. Rachel var m.a. talið það til mikilla ókosta að vera ógift. Jafnvel forseti Bandaríkjanna á þeim tíma, Eisenhower, tók þátt í þeirri aðför.

**Landslagssamningurinn**
Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fram sláandi niðurstöður um loftslagsbreytingar og hafa kallað á tafarlausar aðgerðir til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópuráðið setti fram Landslagssamning Evrópu um aldamótin, sem tók gildi 2004. Landslagssamningurinn er fyrsti alþjóðasáttmálinn sem snýr að öllum þáttum landslagsins: náttúru, dreifbýli, þéttbýli og borgarhlutum. Með því að taka mið af gildi landslags sem samanstendur af náttúrulegum og mannlegum þáttum, vill ráðið að landslag verði mikilvægur hluti af lífsgæðum almennings og samráð aukið. Samkvæmt samningnum er vægi landslagsins aukið og það dregið fram sem verðmæti og forsenda fyrir vellíðan og lífsgæðum, með svigrúmi fyrir atvinnusköpun og þróun. Árið 2006 setti ný ríkisstjórn Íslands sér það markmið að innleiða Landslagssamninginn á Íslandi og sama ár lét Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) þýða samninginn á íslensku. Árið 2012 var Landslagssamningurinn undirritaður fyrir hönd Íslands. Síðan liðu 7 ár þar til sá ánægjulegi atburður gerðist í mars sl. að ríkisstjórn Íslands fullgilti aðildina að Landslagssamningnum. En markmiðið með samningnum er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag.

> **Landslagsarkitektar geta nýtt sköpunarmátt til að draga fram sérstakan karakter hvers svæðis og efla fagurfræðilegan þátt við landslagshönnun. Þeir hafa þekkingu til að aðlaga nýtingu að landslagi án þess að skerða um of náttúruleg gæði.**

**Hvað er landslag?**
Skilgreiningin hefur þróast út frá þeirri túlkun að landslag sé eingöngu spurning um fagurfræði og sjónræna þætti og þess í stað er lögð áhersla á landslag sem auðlind. Landslag er samsett úr mörgum þáttum sem getur verið erfitt að skilgreina, en það hefur verið gert í Landslagssamningnum. Í samningnum er „landslag“ skilgreint sem svæði sem ber það með sér í skynjun fólks að hafa yfirbragð mótað af framkvæmd og ferlum náttúrulegra og/eða mannlegra þátta. Samningurinn nær yfir allar gerðir landslags, þ.e. náttúrlegt, dreifbýlis- og þéttbýlislandslag og inniheldur land-, vatna- og sjósvæði. Þessum þáttum er skipt í náttúrulega þætti, menningar- og félagslega þætti, skynjun fólks og fagurfræðilega þætti. Mikilvægi þessara þátta er breytilegt eftir stöðum, en samsetning og samspil þeirra mynda landslagseinkenni hvers svæðis. Meðal þekktra aðferða sem notaðar eru til að greina og meta landslag eru landslags- og ásýndargreiningar.

**Hver greinir landslag?**
Landslagsarkitektar geta greint, lýst og metið landslag. Menntunin er fimm ára háskólanám sem lýkur með mastersgráðu. Fagheitið er alþjóðlegt og viðurkennt starfsheiti. Rekja má upphafið að starfsheitinu allt aftur til byrjunar 18. aldar, við hönnun stórra herragarða í Evrópu af hendi André Le Nôtre og við hönnun garðanna við Versali. Í Norður-Ameríku notaði Frederick Law Olmsted, sem hannaði Central Park, starfsheitið árið 1863. American Society of Landscape Architects (ASLA) var stofnað 1889 og í Evrópu var International Federation of Landscape Architects (IFLA) stofnað árið 1948, fyrsti forseti samtakanna var Sir Geoffrey Jellicoe. Ákveðnar kröfur eru varðandi notkun á starfsheitinu til að tryggja gæði og gildi stéttar sem starfar í alþjóðlegu umhverfi. FÍLA var stofnað 1978 á Íslandi. Landslagsarkitektar nútímans vinna á breiðu sviði við hönnun og skipulag bæði í þéttbýli og dreifbýli.

**Ályktun heimsþings IFLA WORLD**
Árlega hittast landslagsarkitektar frá öllum heimshornum á ráðstefnu til að fjalla um fagið og málefni líðandi stundar. Aðalfundur IFLA WORLD var haldinn í Ósló í september sl. og á hverjum aðalfundi er ályktað um brýnustu málefni. IFLA lýsir í dag yfir neyðarástandi vegna loftslags og líffræðilegs fjölbreytileika og með því bætist rödd IFLA við vaxandi lista yfir samtök um allan heim sem krefjast meiri aðgerða af hendi stjórnvalda. IFLA ClimateACTION lagði fram framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsamtökin. Áhersluatriði eru m.a. að vera stuðningur við ríkisstjórnir til viðurkenningar á alþjóðlegu neyðarástandi, að siðareglum aðildarfélaga verði breytt til samhljóms við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sjálfbæra þróun, samvinna við opinberar stofnanir og frjáls félagasamtök til að stuðla að skjótum aðgerðum, samstarf við birgja til að efla sjálfbærni í iðnaði, draga úr kolefnisfótspori IFLA-félaga, auka fræðslu, þekkingu, nothæf verkfæri og leiðbeiningar til að stuðla að vistvænni hönnun.

**Landslagsarkitektúr sem verkfæri fyrir vistvænni lífsstíl**
Á þessum tímum breytinga og óvissu er mikilvægt að loftslagsáskoranir séu hluti af hönnun, skipulagi og stýringu landslags sem er grundvallaratriði fyrir velferð komandi kynslóða. Landslagsarkitektar geta nýtt sköpunarmátt til að draga fram sérstakan karakter hvers svæðis og efla fagurfræðilegan þátt við landslagshönnun. Þeir hafa þekkingu til að aðlaga nýtingu að landslagi án þess að skerða um of náttúruleg gæði. Þeir leita að heildarmynd í samvinnu við hagaðila. Landslagsarkitektar nýta m.a. sérfræðiþekkingu sína til að greina, kortleggja og meta landslag og hafa fjölþætta þekkingu á efnivið, staðháttum og að vinna með fjórðu víddina, tímann, að leiðarljósi. Fagstéttin hefur þekkingu og skilning á umhverfis-, félags- og efnahagslegum þörfum til að koma að lausnum sem hafa landslag að leiðarljósi og geta aðstoðað við að leysa þessi flóknu vandamál. Þeir geta hjálpað við að setja á blað hugmyndir hagaðila um vistvænni lífsstíl, minna kolefnisspor og eflingu lýðheilsu.

Landslagsarkitektar hafa þjálfun, reynslu og sérþekkingu til að vinna náið með náttúru og umhverfi og nýjustu tækni til að lágmarka loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á landslag.




# Björgunarbátur úr bleki




**Arndís Þórarinsdóttir** **Gunnar Helgason**




**Bergrún Íris Sævarsdóttir** **Margrét Tryggvadóttir**

Orðin á vörum þínum eru í útrýmingarhættu.

Þetta er sturluð fullyrðing, en hvað má annað segja um tungumál sem innan við hálf milljón talar? Það má svo litlu muna að þetta fari í vaskinn.

Hugsaðu þér. Orðin í vögguvísunum sem voru sungnar fyrir þig gætu senn orðið öllum óskiljanleg.

Hvernig bjargar maður tungumáli?

Á örmálsvæði skiptir það sköpum að börn öðlist gott vald á móðurmáli sínu. Nýlegar rannsóknir sýna að stór hluti íslenskra barna horfir á barnaefni á ensku á erlendum streymisveitum frá frumbernsku. Þegar þau eldast bætast við erlendir tölvuleikir, erlent viðmót snjalltækja og erlendir fjölmiðlar. Þau öðlast ýmsa færni, en orðaforði og lesskilningur á móðurmálinu láta undan á móti. Sú færni er nauðsynleg svo þau geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Af þessum sökum hefur aldrei verið mikilvægara en nú að íslensk börn hafi aðgang að góðum og spennandi bókum á íslensku sem endurspegla íslenskan samtíma.

Barnabækur eru ekki sérhagsmunamál barna. Þær eru hagsmunamál okkar allra ef við viljum að íslensk tunga lifi áfram og að hér alist upp einstaklingar sem þjálfast í því að beita gagnrýninni hugsun, að setja sig í spor annarra og leggja rækt við sköpunargáfuna. Íslenskar bækur úr íslenskum veruleika senda lesendum þau skilaboð að tilvist þeirra sé nógu merkileg til þess að tilheyra í sögu.

Sögu á þessu litla, skrýtna tungumáli, sem rammar inn alla okkar hugsun.

Börn komast í návígi við bækur í skólastofum og á bókasöfnum, en öll börn ættu líka að fá sínar eigin bækur að gjöf. Við skulum hafa harða pakka undir jólatrénu í ár – pakka stútfulla af orðum og ævintýrum. Og við fullorðna fólkið – foreldrarnir, ömmurnar, afarnir, kennararnir og fjölskylduvinirnir – skulum kynna okkur barnabækur. Gera kröfu um faglega umfjöllun um barnabækur. Ræða barnabækur. Lesa barnabækur. Og leyfa börnunum svo að sjá okkur sjálf lesa, svo þau alist upp við lesandi fyrirmyndir. Því þannig ölum við upp sterka, hugmyndaríka einstaklinga sem geta fimlega beitt móðurmálinu í öllum aðstæðum lífsins.

Þannig björgum við tungumáli. Gleðileg bókajól!

> **Barnabækur eru ekki sérhagsmunamál barna. Þær eru hagsmunamál okkar allra ef við viljum að íslensk tunga lifi áfram og að hér alist upp einstaklingar sem þjálfast í því að beita gagnrýninni hugsun, að setja sig í spor annarra og leggja rækt við sköpunargáfuna.**

*Jólatónleikar*
*- Við kertaljós –*
*Bústaðakirkju 19. desember kl. 18:00*



Fimmtudaginn, 19. desember kl. 18:00 verða haldnir jólatónleikar í Bústaðakirkju á vegum Kórs Bústaðakirkju. Yfirskrift tónleikana er „Við kertaljós".

Kór Bústaðakirkju flytur hátíðleg jólalög við kertaljós. Á efnisskránni eru lög víðsvegar úr heimi sem færa yfir okkur jólaandann. Nýlegar enskar jólaperlur eru fluttar sem og eldri þjóðlegri.

Einsöngvarar úr röðum kórsins gæða kvöldið ítalskri ástríðu og Tónfreyjur bjóða upp á amerískt "jólasving". Lögin eru sungin á íslensku að nokkrum lögum undanskildum.

ATH! Enginn aðgangseyrir er á tónleikanna.

Allar nánari upplýsingar veita: Edda Austmann í síma 846-3846
Jóhann Friðgeir í síma 896-3038 og Jónas Þórir í síma 892-9671

# Fólk

FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER 2019

## Tíska



# Mínímalískur hippi með kögurfíkn

Myndlistarkonan Solveig Pálsdóttir klæðir sig eftir eigin höfði og er mikið fyrir tímalausar flíkur. Hún segir hjarðhegðun einkenna tísku ungra kvenna og vill að íslenskir hönnuðir fái meiri stuðning. →2

**Solveig Pálsdóttir klæðir sig eftir eigin höfði og segir að ef hún ætti að lýsa stílnum sínum myndi hún segja að hún væri mínímalískur hippi með dassi af goth þegar hún er dressuð upp, en týndur tímaferðalangur og manískur subbubrussi þegar hún er í vinnufötunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Bættu smá jólagleði í pakkana!




Ný Happaþrenna er komin á sölustaði um allt land.
HAPPA ÞRENNAN
Skemmtilegt að skafa!







LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Solveig Pálsdóttir er myndlistarkona, mastersnemi í myndlist, einn af rekstraraðilum Myrkraverks Studio og fyrrverandi rappetta með Reykjavíkurdætrum.

„Mér finnst skemmtilegast að sinna myndlistinni en svo er ég að gera tónlist í laumi,“ segir Solveig. „Ég rek líka lítið gallerí á Skólavörðustíg 3 sem heitir Myrkraverk Studio, en á neðri hæðinni er kærastinn, Gustavo Blanco, með ljósmyndastúdíó.“

Myrkraverk Studio er á Facebook og Instagram, en þar er hægt að sjá og kaupa verk fjögurra listamanna, fyrir utan Solveigu. Það eru þau Hjálmar Vestegaard, sem er líka að sýna í SíM salnum, Arngrímur Sigurðsson, Ólöf Benediktsdóttir og Sunna Shabnam.

## Stundum dönnuð

„Ef ég ætti að lýsa stílnum mínum myndi ég segja að ég væri mínímalískur hippi með dassi af goth ef ég er dressuð almennilega upp, en týndur tímaferðalangur og manískur subbubrussi ef ég er í vinnufötunum,“ segir Solveig. „Ég er að reyna að venja mig á að vinna ekki í hversdagsfötunum mínum og leyfa mér að vera dönnuð stundum. Þá er ég oftast í svörtum prjónasilkibol úr Lífstykkjabúðinni, Aftur-vestinu mínu, grárri Malene Birger ullarpeysu, í svörtum útvíðum flauelsbuxum og með flauelstrefil með síðu kögri, en ég er haldin mikilli kögurfíkn.

Ég leitast við að klæða mig eftir eigin höfði en lít upp til kvenna á borð við Diane Keaton og mömmu, sem hafa tímalausan og sjálfstæðan stíl,“ segir Solveig. „Mér var kennt að kaupa fáar en vandaðar vörur og foreldrar mínir innrættu mér nægjusemi og smekk fyrir klassískum flíkum. Svo hafa stelpurnar í Reykjavíkurdætrum kennt mér ýmislegt um að vera pæja.

Móðursystir mín gaf mér yfirhafnir sem ég dýrka, kögur rúskinnsjakka frá Tommy Hilfiger og síða smókingkápu frá Armani,“ segir Solveig. „Ég hef líka eignast nokkrar flíkur eftir Malene Birger sem eru klassískar og einstaklega þægilegar. Ég hef verið að sækja í flauel og myndi þekja mig með því ef það væri samfélagslega viðurkennt.

## Eins og enskur lávarður

Ég fylgist með þó nokkrum íslenskum hönnuðum á Instagram, til dæmis Hörpu Einars, Ýri Þrastar, Alexander Kirchner og Sævari Markúsi. Ég er líka Sögu Sig „fangirl“, en hún býr yfir gífurlegri næmni þegar kemur að lit. Svo fylgist ég líka alltaf með Vivianne Westwood,“ segir Solveig. „Innblásturinn fyrir minn stíl er þó kannski að mestu fenginn af því að skoða söguna, trend eru svo fjarstæðukennt fyrirbæri.

Það er ástæða fyrir því að rapparanafnið mitt í gamla daga var Svarta Solla, ég varð alveg heltekin af Addams-fjölskyldunni sem barn og valdi svartan sem minn lit,“ segir Solveig. „Með aldrinum hef ég svo farið að sækja í jarðliti og núna tek ég ljósbrúnum lit fagnandi, en ég sæki líka í mosagrænan og bláan.

Ég lít gjarnan út eins og snobbaður enskur lávarður á vappinu, öll mosagræn í Hunter-stígvélum, Barbour-jakka og með amerískan cocker spaniel hund í ól,“ segir Solveig. „Ég á líka við þann vandræðalega vana að stríða að vilja tóna allan klæðnaðinn saman, svo að suma daga er ég alveg ljósbrún, aðra mosagræn og næsta kolsvört.




Solveig segir að tíska ungra kvenna einkennist of mikið af hjarðhegðun og vonar að fólk verði sjálfstæðara og upplýstara í fatavali.

> Ég varð alveg heltekin af Addams-fjölskyldunni sem barn og valdi svartan sem minn lit. Með aldrinum hef ég svo farið að sækja í jarðliti.

## Óvænt gjöf að handan

Ég nota skart og fylgihluti mikið og bróðir minn Páll er mikill ævintýramaður sem kemur alltaf með skart handa mér til baka frá Nepal, Perú eða Paragvæ, svo ég á þó nokkuð af óhefðbundnum skartgripum,“ segir Solveig. „Mig langar óttalega mikið til að kaupa mér skart í Orrifinn næst, þetta egypska yfirbragð höfðar rosalega til mín. Svo eru Lowtide-hálsmenin og eyrnalokkarnir eftir Ásu Dýradóttur á óskalistanum.

Ég er alltaf með nokkur silfurhálsmen eftir íslenska hönnuði, Fríðu Skart annars vegar og Kríu Jewelry hins vegar. Svo geng ég með hringa og uppáhaldshringurinn minn er augað, sem kemur frá ömmu minni, en ég fann hann í perluboxinu hennar. Það var eins og að fá faðmlag eða óvænta gjöf frá henni að handan,“ segir Solveig.



Solveig notar skart og fylgihluti mikið og bróðir hennar gefur henni reglulega skartgripi frá Nepal, Perú eða Paragvæ. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Stíll er að taka það sem manni finnst smart og standa með því, segir Solveig.

> Ég er ekkert feimin við að kaupa notað, svo framarlega sem efnið er að mestu náttúrulegt og flíkin vel farin.

## Ávanabindandi toppar

„Þegar ég vann í Lífstykkjabúðinni lærði ég betur að meta efni og kaupi mér reglulega ullar- og prjónasilkisboli þar, sem og föðurland frá merkinu Mey. Þetta gengur við allt og heldur á manni hita á þessu blessaða skeri,“ segir Solveig. „Ég kaupi líka allan minn undirfatnað þar, en Calvin Klein topparnir eru svo þægilegir að þeir eru ávanabindandi.

Ég er ekkert feimin við að kaupa notað, svo framarlega sem efnið er að mestu náttúrulegt og flíkin vel farin,“ segir Solveig. „Síðasta flík sem ég keypti var æðislegur gervipels fyrir veturinn sem ég fékk í Wasteland. Hann lætur mér líða eins og Michelle Pfeiffer í Scarface. Þrátt fyrir andúð mína á gerviefnum verður maður að gera undantekningar og mér finnst pólýester betri kostur en dýrshamur.

Ég elska líka Aftur og ætla að eignast þó nokkrar flíkur þaðan. Svo finnst mér Geysir vera að gera fallegan og tímalausan fatnað. Ég verð einnig að nefna Hildi Yeoman, sem er að gera göldrótta hluti,“ segir Solveig. „Ég læt mig líka dreyma um flíkur frá Spaksmannsspjörum, sem mér finnst trylltar.

## Eignarhaldsstríð um slopp

Mér finnst skórnir mínir úr Ástund bestu fatakaupin þessa dagana. Það eru klassískir bítlaskór sem eru áreiðanlegir í ólíkum veðrum og alltaf töff,“ segir Solveig. „Verstu kaupin voru líklega dót frá unglingsárunum sem mér finnst hallærislegt í dag en er samt í tísku núna. En það sem einum finnst tískuslys finnst öðrum kraftaverk, þetta er bara spurning um afstöðu. Stíll er að taka það sem manni finnst smart og standa með því.

Uppáhaldsflíkin mín er kínverskur sloppur með útsaumuðum dreka niður eftir öllu bakinu,“ segir Solveig. „Hann Zófi ömmubróðir minn keypti sloppinn í London á stríðsárunum og ég og systir mín háðum eignarhaldsstríð um hann eftir að pabbi gaf okkur hann, en nú er hann minn.“

## Útlitsaðgerðir eru tískubóla

Solveig segir að henni finnist endurtekningar einkenna klæðnað ungra kvenna í dag.

„Mér finnst alltof mikil hjarðhegðun í gangi þegar kemur að tísku og útliti,“ segir hún. „Stundum er eins og allir séu að reyna að líta út eins og sama Instagramstjarnan, sömu flíkur og sömu fylltu varirnar. Ég vona að fólk verði sjálfstæðara og upplýstara í fatavali og hætti að kaupa mikið í einu í búðum eins og H&M og Primark. Útlitsaðgerðir eru líka bara tískubóla og þetta Kylie Jenner varakjaftæði mun enda.

Ég hvet fólk til að kaupa færri og einstakari flíkur og styðja þessa gífurlega færu fatahönnuði sem við búum að, í staðinn fyrir alþjóðlegar keðjur. Þannig getum við styrkt stoðir sköpunar hérna á eyjunni,“ segir Solveig. „Að lokum vil ég bara bjóða alla velkomna í Myrkraverk á Skólavörðustíg 3 til að skoða áhugaverða íslenska myndlist og hönnun. Það er opið alla daga, nema mánudaga, því þeir eru alltaf dálítið leiðinlegir.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Jólagjöfin hennar



Gil Bret ullarkápa 51.980 kr.



Nero Giardini leðurskór 27.980 kr.



Ringella náttkjóll 10.980 kr.



Öllum gjöfum er pakkað inn í fallegar gjafaöskjur



PBO silkikjóll 46.980 kr.



Depeche leðurtaska 16.980 kr.



PBO kjóll 39.980 kr.



Klútur 4.980 kr.

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Leðurhanskar með ekta loði 17.980 kr.



Klútur 4.980 kr.

# Sumarlitagleðin árið 2020

**Þó að gráu treflarnir og þykku svörtu kápurnar séu allsráðandi núna er sumarið handan við hornið með birtu, yl og söng. Sumarið verður einstaklega glaðlegt í tískunni og litadýrðin í fyrirrúmi.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Porsche Macan fékk andlitslyftingu í ár og á nýju ári mun koma ný útgáfa GTS bílsins. Í þeirri útgáfu er Macan með 2,9 lítra V6 vél sem skilar nú 375 hestöflum eða 15 hestöflum meira en áður. Porsche Macan S er með þriggja lítra V6 vél sem er 27 hestöflum aflminni en GTS en Macan Turbo er sem áður aflmesta útgáfan með sín 434 hestöfl. Macan GTS er aðeins 4,7 sekúndur í hundraðið og ef hann er búinn Sport Chrono pakkanum er hann 4,5 sekúndur að ná þeim hraða. Macan GTS fær líka andlitslyftingu með nýjum sportpakka og 20 tommu felgum. Undir bílnum verður loftpúðafjöðrun staðalbúnaður og hann fær stærri bremsudiska með möguleika á að uppfæra þær í 15,4 tommu keramikdiska að framan og 14 tommu að aftan.

## FCA og PSA skrifa undir

Fiat Chrysler Automobiles og PSA Group hafa skrifað undir endanlegan samning sín á milli um sameiningu fyrirtækjanna. Bílarisinn sem úr þessari sameiningu verður er sá fjórði stærsti í heiminum og er það forstjóri PSA, Carlos Tavares, sem mun leiða nýja fyrirtækið. Stjórnarformaður FCA, John Elkann, mun gegna sömu stöðu hjá fyrirtækinu.

Að mati Tavares kemur sameiningin á hárréttum tíma. „Hindranirnar sem bílaiðnaðurinn stendur frammi fyrir í dag eru miklar. Græna byltingin, sjálfkeyrandi ökutæki, nettengingar ökutækja og fleira þarfnast styrks, hæfni og sérfræðiþekkingar,“ sagði Tavares.

Áætlað er að sameiningin muni spara samtals um 500 milljarða króna. Merki fyrirtækjanna tveggja seldust í 8,7 milljónum eintaka í fyrra en samtals hafa þau framleiðslugetu upp á 14 milljón ökutæki. Búast má við að undirvagnar PSA verði notaðir að mestu í bílum nýja fyrirtækisins, sem ekki hefur fengið nafn ennþá. Verður tilkynnt um nafn þess innan nokkurra mánaða, segir í yfirlýsingu.

# Nissan Qashqai kemur í september sem tvinnbíll

Nissan er með það á prjónunum að endurnýja jepplingalínu sína á næstu 18 mánuðum til að endurvekja sölu segir stjórnarformaður Nissan í Evrópu, Gianluca de Ficchy, í viðtali við Automotive News. Hann segir frá nýjum rafbíl byggðum á Ariya tilraunabílnum.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Nissan selur mikið af gerðum eins og Qashqai, Juke og X-trail en sala þeirra hefur minnkað í Evrópu undanfarið. Samdráttur Nissan á Evrópska efnahagssvæðinu var 24% á fyrstu 10 mánuðum ársins niður í 334.505 bíla. „Frá deginum í dag til miðs árs 2021 mun Nissan skipta út Qashqai og X-trail og koma með nýjan rafjeppling byggðan á Ariya tilraunabílnum“ segir de Ficchy. Nissan hóf sölu á nýrri kynslóð Nissan Juke í nóvember en fyrsta kynslóð hans kom á markað árið 2010. Hann er byggður á CMF-B undirvagninum sem einnig er notaður af Renault fyrir Clio og Captur. Nissan mun ekki bjóða uppá dísilvél í Juke vegna minnkandi eftirspurnar. Þótt að de Ficchy hafi ekki gefið upp hvenær næstu endurnýjunar flota Nissan væri að vænta, segir heimildarmaður að X-trail verði næstur á dagskrá næsta sumar. Nissan ætlaði að smíða hann í verksmiðjunni í Sunderland í Bretlandi, en hefur nú ákveðið að smíða Evrópugerðir hans í Japan í staðinn. Sala á X-trail hefur fallið mikið eða um 59% niður í aðeins 18.368 bíla á fyrstu 10 mánuðum ársins.

Að sögn heimildarmanns Automotive News kemur nýr Qashqai á markað í september á næsta ári. Hann er vinsælasti bíll Nissan í Evrópu með 183.896 bíla selda á fyrstu 10 mánuðum 2019, en hann er einnig mjög vinsæll á Íslandi. Nissan mun hætta sölu á dísilútgáfum í Qashqai og kynna í staðinn E-power tvinntækni sína sem hefur verið vel tekið í Japan. Nýr Qashqai byggir á IMQ tilraunabílnum sem sýndur var á bílasýningunni í Genf í vor. Að sögn Ponz Pandikuthira, forstjóra Nissan í Evrópu, eru tvær tvinnútgáfur hans til skoðunar en það er annars vegar ePower útgáfa með ljósavél fyrir rafhlöðu, og hins vegar tengiltvinnútgáfa eins og notuð er í Mitsubishi Outlander PHEV.

Það sem Nissan er að skoða er hvar þessar útgáfur verða í boði, en ePower hentar vel þar sem hámarkshraði er lítill eins og í Japan þar sem hann er 100 km á klst. Að sögn Pandikuthira er verið að skoða Evrópuútgáfu af ePower tækninni þrátt fyrir að hámarkshraði þar sé



**Þó að nýr Qashqai verði ekki eins ýktur og IMQ tilraunabíllinn verður útlit hans byggt á honum.** NORDICPHOTO/GETTY



**Nissan Ariya var sýndur á bílasýningunni í Tokyo en rafjepplingur byggður á honum er væntanlegur 2021 til að keppa við Ford Mustang Mach E.**

í flestum tilfellum hærri en í Japan. Þar sem hraðinn er meiri er hætta á að rafmagnið á rafhlöðunni klárist hratt og bíllinn endi á að keyra á ljósavélinni sem ekki er æskilegt. Pandikuthira er ekki á því að tengiltvinnútgáfa sé góð lausn til lengri tíma litið og segir að slíkir bílar séu meira til að fylla upp í gat á markaðinum þar til að hreinir rafbílar hafa náð nægri drægni fyrir hinn almenna kaupanda. „Við munum

> NISSAN MUN EKKI LENGUR BJÓÐA UPP Á DÍSILVÉLAR Í JUKE OG QASHQAI VEGNA MINNKANDI EFTIRSPURNAR OG KYNNA Í STAÐINN E-POWER TVINNTÆKNI SÍNA SEM VEL HEFUR VERIÐ TEKIÐ Í JAPAN AÐ UNDANFÖRNU.

prófa tengiltvinnútgáfur á sumum bílum okkar en viðskiptamódel tengiltvinnbíla er ekki það besta,“ sagði Pandikuthira í viðtali við bílatímaritið AutoExpress. Líkt og annars staðar í heiminum er þó Outlander PHEV mest seldi tengiltvinnbíllinn á Íslandi í nokkur ár í röð.

Rafjepplingurinn sem byggir á Ariya tilraunabílnum mun koma á markað snemma árs 2021. Undirvagn hans er þróaður í samstarfi við Renault og verður bíllinn í flokki lúxusgerða. Bíllinn verður verðlagður til að keppa við bíla eins og nýjan Ford Mustang Mach E. Nissan mun að öllum líkindum ekki verða með bás á bílasýningunni í Genf í vor.


THULE SWEDEN
Jólagjöf útvistarfólksins
20% afsláttur til 31. desember
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR JÓ

**Heill kalkúnn**
Erlendur
**1.198** KR/KG
LÆGSTA VERÐIÐ!





**Bayonne skinka**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
-40%
ÁÐUR: 1.999 KR/KG

VERÐ SPRENGJA!



**Grísalærleggir**
Kjötsel
**390** KR/KG
-61%
ÁÐUR: 999 KR/KG



**Lamba helgarsteik bláberja**
Kjötsel
**1.889** KR/KG
-30%
ÁÐUR: 2.699 KR/KG



**Amerískir kleinuhringir**
**99** KR/STK
-50%
ÁÐUR: 199 KR/STK

**Nautalundir**
Danish Crown
**2.999** KR/KG
-40%
ÁÐUR: 4.999 KR/KG





**Rauðu jólaeplin**
**199** KR/KG



**Laufabrauð**
Okkar
**949** KR/PK
-40%
ÁÐUR: 1.359 KR/PK



-200 KRÓNUR

**Coca Cola**
Coca cola, light og zero 2l x 4
**999** KR/PK

nettó
í jólaskapi

**Tilboðin gilda 19. – 22. desember**

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast.*
*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.*
*Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

# LIN Í VERSLUNUM NETTÓ



-200 KRÓNUR

**Pepsi**
og Pepsi max 2l x 4

**699** KR/PK

**ÁÐUR:** 899 KR/PK



-32%

**Kalkúnaskip**
með beini

**1.359** KR/KG

**ÁÐUR:** 1998 KR/KG



-40%

**Grísahnakkafille**
Léttreykt – Kjötsel

**1.259** KR/KG

**ÁÐUR:** 2.099 KR/KG



-25%

**Hamborgarhryggur**
Kjötsel

**1.199** KR/KG

**ÁÐUR:** 1.598 KR/KG



-20%

**Nautalund**
Wellington

**7.998** KR/KG

**ÁÐUR:** 9.998 KR/KG



-40%

**Úrbeinaður jólahnakki**
m/eplum og kanil – Kjötsel

**1.499** KR/KG

**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG



-30%

**Humar**
800 gr – Án skeljar

**3.499** KR/PK

**ÁÐUR:** 4.999 KR/PK



-20%

**Hangiframpartur**
Úrbeinaður – Kjötsel

**1.999** KR/KG

ÁÐUR: 2.499 KR/KG



-40%

**Sænsk skinka**
Kjötsel

**1.199** KR/KG

**ÁÐUR:** 1.999 KR/KG



-21%

**Hangilæri**
Úrbeinað – Kjötsel

**2.290** KR/KG

**ÁÐUR:** 2.899 KR/KG





# VERSLAÐU Á NETINU

## FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT

**NÚ GETUR ÞÚ PANTAÐ MATVÖRU Í GEGNUM VEFVERSLUN NETTÓ* OG SÓTT UM LAND ALLT**

**Hægt er að fá sent heim að dyrum á Akureyri, Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Lágmarkspöntun í heimsendingu er 5.000 kr.*

# Stærsta efnisveita með íslenskt sjónvarpsefni

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins
**3.990 kr./mán.**




2 MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
**stod2.is | 1817**




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Gettu betur 1989 MH - MK**
**13.40 Saga af frjósemi**
**14.30 Popppunktur Úrslit**
**15.30 Landinn 2010-2011**
**16.00 Milli himins og jarðar Jólaþáttur** Skemmtiþáttur frá árinu 2000 í umsjón Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur með tónlist, söng, dansi, gríni og gleði ásamt spaugilegri ádeilu á nútímann og okkur sjálf. e.
**16.40 Sælkeraferðir Ricks Stein - Cádiz**
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.52 KrakkaRÚV**
**17.53 Jólasveinarnir: Skyrgámur Íslenskt jóladagatal** Jólasveinarnir eru orðnir leiðir á að hanga heima í hellinum hjá Grýlu og Leppalúða og ákveða að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera fram að jólum. Heiðursmennirnir þrettán leggja því af stað hver í sína áttina í leit að starfi eða áhugamáli sem hæfir þeim. e.
**18.01 Jóladagatalið: Jólakónguriinn**
**18.25 Lars uppvakningur**
**18.40 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Hreindýralíf**
**21.00 Sætt og gott - jól**
**21.15 Jólabolla frú Brown Mrs. Brown's Boys Mammy's Christmas Punch** Frú Brown er ákveðin í að halda friðsæl jól heima hjá sér þetta árið – en það gengur brösulega eins og flest annað. Margverðlaunaður gamanþættir um Agnesi Brown, kjaftfora húsmóður í Dublin á Írlandi. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll. Þættirnir hafa m.a. hlotið BAFTA-verðlaunin. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.25 Jean** Ævisöguleg mynd um nýsjálensku flugkonuna Jean Batten sem varð heimsþekkt á fjórða áratug tuttugustu aldar er hún sló fjölda meta í einflugi um heiminn. Hún varð meðal annars fyrst manna til að fljúga frá Englandi til Nýja-Sjálands ein síns liðs árið 1936. Leikstjóri: Robert Sarkies. Aðalhlutverk: Kate Elliott, Miranda Harcourt, Michael Whalley.
**00.00 Patrick Melrose**
**01.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.10 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**10.00 Alfred Dunhill Links Championship** Útsending frá Alfred Dunhill Links Championship á Evrópumótaröðinni.
**12.50 2019 Champions Tour Year in Review**
**13.45 Australian PGA Championship** Útsending frá Australian PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
**17.15 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**18.10 Golfing World**
**19.00 QBE Shootout** Útsending frá QBE Shootout á PGA-mótaröðinni.
**23.00 Australian PGA Championship**
**02.30 Australian PGA Championship** Bein útsending frá Australian PGA Championship á Evrópumótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Man with a Plan**
**14.15 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Superior Donuts**
**19.45 Gordon, Gino and Fred's Great Christmas Roast**
**21.00 9-1-1**
**21.50 Emergence**
**22.35 The Arrangement**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 A Million Ways to Die in the West**
**02.15 Catch-22**
**03.00 Perpetual Grace LTD**
**03.55 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp UngRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu: Jólatónleikar frá Þýskalandi**
**20.30 Rauði kjóllinn. Smásaga**
**21.05 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40 Paterno**
**12.25 Draugabanarnir II**
**14.15 Middle School: The Worst Years of My Life**
**15.50 Paterno**
**17.35 Draugabanarnir II**
**19.25 Middle School: The Worst Years of My Life**
**21.00 Harry Potter and the Philosopher's Stone**
**23.30 The Meg**
**01.25 The Few Less Men**
**02.55 Harry Potter and the Philosopher's Stone**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.25 Masterchef USA**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Two and a Half Men**
**09.50 Besti vinur mannsins**
**10.15 Brother vs. Brother**
**11.05 Jamie Cooks Italy**
**11.50 Deception**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Miracle on 34th Street**
**14.55 Tommi og Jenni: Willy Wonka og súkkulaðiverksmiðjan**
**16.25 Jamie Oliver's Italian Christmas**
**17.15 Stelpurnar**
**17.43 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Aðventumolar Árna í Árdal**
**19.20 Dagvaktin**
**19.55 The Great Christmas Bake Off**
**20.55 NCIS**
**21.40 The Blacklist**
**22.25 Magnum P.I.**
**23.10 Keeping Faith**
**23.55 Prodigal Son**
**00.40 Shameless**
**01.35 Game of Thrones**
**02.30 Game of Thrones**
**03.25 Game of Thrones**
**04.20 Game of Thrones**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Kevin Can Wait**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Supergirl**
**21.35 Batwoman**
**22.20 Outlander**
**23.20 Shrill**
**23.50 American Dad**
**00.15 Modern Family**
**00.40 Kevin Can Wait**
**01.05 Friends**
**01.30 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05 Everton - Leicester City** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**08.45 Manchester United - Colchester United** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**10.25 Oxford United - Manchester City** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**12.05 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**12.55 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**13.20 Valur - Haukar** Útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.
**15.00 Valur - Haukar** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**16.40 Barcelona - Real Madrid** Útsending frá leik El Clasico í spænsku úrvalsdeildinni.
**18.20 Keflavík - ÍR** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
**20.10 Njarðvík - Þór Þ.** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**22.10 Domino's Körfuboltakvöld kvenna**
**23.40 Sampdoria - Juventus** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**12.30 HM í pílukasti** Bein útsending frá Heimsmeistaramótinu í pílukasti.
**19.00 HM í pílukasti** Bein útsending frá Heimsmeistaramótinu í pílukasti.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ST. DALFOUR




Með mildum ostum mælum við með sultum úr súrari berjum, eða ávöxtum t.d. villtum bláberjum eða apríkósumarmelaði.




Með mildum harðari ostum mælum við með sultum úr súrari eða villtum berjum, t.d. villtum bláberjum eða bláberjum & trönuberjum.




Með millisterkum ostum passar mjög vel að vera með sultu úr blönduðum ávöxtum sem gefur skemmtilegt eftirbragð og tónar vel með ostinum.




Sultur úr berjum sem gefa góða sætu og ferskleika leika við bragðlaukana með bragðmeiri ostum, t.d. hindberjasulta eða hindberja & granateplasulta.




Með grænmygluostum mega sulturnar gjarnan vera úr sætum berjum. Við mælum með hindberja- eða jarðarberjasultu til þess að ostarnir njóti sín sem best.

# Sérfræðingar St. Dalfour gefa ráð um val á ostum og sultum á ostabakkann

Íslendingar elska góða sultu á ostana sína og ostabakkar eiga sinn fasta sess á hátíðarborðum þjóðarinnar. Frönsku gæðasulturnar og marmelaðið frá St. Dalfour henta einstaklega vel með ostum af öllu tagi enda úrvalið gott. Saga merkisins spannar um hundrað ár þannig að reynslan er umtalsverð enda Frakkar annálaðir sælkerar, ekki síst þegar kemur að ostum.

**Innihaldið skiptir máli**

Allt hráefni í vörurnar frá St. Dalfour er valið af kostgæfni til að tryggja gæði og ferskleika. Enginn viðbættur sykur er notaður í sulturnar okkar en í þeim er að sjálfsögðu náttúrulegur ávaxtasykur sem gefur alveg mátulegt magn af sætu og gerir það að verkum að bragðið af ávöxtunum nýtur sín en hverfur ekki í sykurlög.

**Val á sultu með ostum**

Það getur verið dálítil kúnst að velja saman sultur og osta svo vel fari en um það gildir reyndar að allt er leyfilegt því smekkur fólks er misjafn. Engu að síður eru til þumalfingursreglur um þetta eins og annað og á því sviði standa sultusérfræðingar St. Dalfour undir nafni. Þeir benda okkur á að hafa eftirfarandi meginreglu í huga: Þegar para á saman sultu og ost þannig að bragðgæði beggja njóti sín sem best er gott að hafa annars vegar í huga hversu bragðsterkur osturinn er og hversu sæt sultan er hins vegar. Það er vegna þess að almennt gildir að andstæður laða fram það besta hvor í annarri, ekki síst þegar sultur og ostar eiga í hlut – eins og reyndar í svo mörgu öðru en það er önnur saga.

**Sætari sultur með bragðsterkum ostum**

Því bragðsterkari sem osturinn er því betur á við að hafa með honum sætari og ferskari ber, til dæmis jarðarber eða hindber. Með mildari osti henta minna sæt ber og þá er gott að velja sultur gerðar úr súrari berjum, jafnvel villtum. Með mjúkum sætari ostum eins og Brie og Óðalsostum hentar að nota sultur úr súrari berjum eða jafnvel apríkósu- eða appelsínumarmelaði. Marmelaðið kemur nefnilega oft skemmtilega á óvart bæði fyrir bragð og áferð auk þess sem það ljær bakkanum „sólríkara“, ferskara og fjölskrúðugra yfirbragð. Á myndinni hér að ofan má sjá nokkur dæmi um osta og sultur sem eiga vel saman.



## Ostabakkinn - nokkur góð ráð

- Veljið a.m.k. 4-5 mismunandi gerðir af ostum af mismunandi styrkleika.
- Ostur er bestur við herbergishita. Takið ostana því út úr ískápnum að lágmarki tveimur tímum áður en til stendur að bera þá fram.
- Raðið ostunum réttsælis á bakkann frá þeim mildasta til þess sterkasta.
- Skiptið bakkanum í hluta og raðið viðeigandi meðlæti hjá hverjum osti svo það sé skýrt hvað er ætlað saman.
- Gott er að setja litlar skálar með viðeigandi sultu hjá þeim osti/ostum sem þær passa við.
- Notið ber eða skraut til að skipta bakkanum upp í hluta.



# Góðæri hins glataða gagnrýnanda

Bíóárið 2019 var öllum gott á Íslandi nema helst gagnrýnendum sem eru fangar fastir í þeirri þversögn að stjörnufjöldi íslenskra mynda ræður því hvort þeir eru illa innrættar skepnur eða meðvirkir aumingjar.









Eðli málsins samkvæmt er kvikmyndagagnrýnandinn alltaf bölvað fífl þar sem hann hrærist í heimi þar sem allt er afstætt. Gæði hugverka verða aldrei metin með reglustikum, gráðubogum og öðrum sálarlausum mælitækjum þannig að rýnirinn engist eins og sturlaður maður í guðlausum heimi þeirrar sérkennilegu þversagnar að hann hefur aldrei rétt fyrir sér en hins vegar alltaf rangt fyrir sér. Vefjist þetta fyrir einhverjum er þeim hinum sömu ráðlagt að gefa virkum í athugasemdum gaum þegar dómar um nýjustu Star Wars-myndina birtast.

Starf gagnrýnandans er þó alltaf sturlaðast þegar íslenskar bíómyndir eru annars vegar. Ef færri en fjórum stjörnum er útdeilt er það til marks um að rýnirinn sé ryðgaður á sálinni, beiskur, bitur og fatti ekki neitt. Sennilega er honum í nöp við leikstjórann eða einhvern leikarann.

Ekki tekur heldur betra við þegar gagnrýnandinn verður fyrir því óláni að hrífast af íslenskri kvikmynd og sáldrar yfir hana stjörnum af sama ákafa og hann saltar franskar McCain-kartöflur.

## Rangur misskilningur

Þegar kvikmyndagerðarfólkið gleðst, væntanlega í þeirri frómu trú að hrósið sé verðskuldað en ekki kreist fram í meðvirkni, ganga óstöðugir og virkir í alvisku af göflunum og skrifa stjörnuregnið á fámennið á Íslandi og ótta rýnisins við að þurfa að sætta sig við blokkeringar á Facebook og líkamsárásir á knæpum Reykjavíkurþorps.

Árið sem er að líða var því annus horribilis fyrir kvikmyndagagnrýnanda Fréttablaðsins svo ekki sé fastar að orði kveðið þar sem það er vonlaust að halda kúlinu þegar íslenskt kvikmyndagerðarfólk, konur fyrst og fremst að þessu sinni, dæla hágæðamyndum í kvikmyndahús eins og enginn sé morgundagurinn.

Án alls gríns og meðvirkni þá standa þessar myndir ársins 2019 bara alveg undir sínum stjörnuhimni og engin ástæða til þess að leiðrétta bókhaldið við vörutalningu áramótanna.

## Fullt hús af drama á Skaganum

★★★★★

Þegar rýnt er í stjörnukort ársins þá skína leikstjórinn Silja Hauksdóttir og fylgihnettir hennar skærast með fullt hús af dramatík og hugvekjum um lífið, tilveruna og þann fljótandi kjarna sem svellur í brjóstum hverrar manneskju með misjöfnum afleiðingum.

Agnes Joy gat ekki fengið annað en fimm stjörnur og ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja það með öðru en að vitna í mína eigin niðurstöðu sem birtist á þessari síðu í október:

„Agnes Joy er svo ofboðslega góð kvikmynd. Einföld og látlaus en samt svo yfirþyrmandi víðfeðm og djúp að mann skortir eiginlega orð. Frábær.“ Auðvitað skortir mig samt aldrei orð og þess vegna er líka bara farsælla að lesa textann frekar en stjörnurnar sem eru vitaskuld ekki tommustokkur. Oftast segjum við nefnilega miklu meira en stjörnurnar eins og í þessu tilfelli undir fyrirsögninni Sálarháski hversdagsleikans:

„Agnes Joy hverfist fyrst og fremst um þau óbærilegu ósköp að vera manneskja. Þetta er ekki aðeins saga persónanna þar sem í myndinni koma saman ótal litlar, sorglegar og fyndnar dæmisögur um meðvirkni, sligandi stjórnsemi, kvíða, traust, vantraust og nánast fullkomlega vonlaust foreldrahlutverkið þar sem tilfinningarnar og tilhneiging til ofverndunar snúast sorglega oft upp í andhverfu sína.

Það er hægara sagt en gert að koma öllum þessum tilfinningaflækjum til skila þannig að áhorfendur sökkvi ekki í hyldjúpt þunglyndi eða hreinlega drepist úr leiðindum við að spegla sjálfa sig og samferðafólk í persónum sem eru einhvern veginn hver um sig og í samskiptum óþolandi summa okkar allra.“

## Gagnkvæmt traust

★★★★☆

Íslenska bíóárið 2012 hófst í febrúar þegar Tryggð, ein besta mynd þessa árs, læddi sér hógvær í kvikmyndahús á meðan saltsjokkeraður mannskapurinn ók sér enn í jólaspikinu á hlaupabrettunum.

Ásthildur Kjartansdóttir gerði Tryggð af látlausri natni upp úr skáldsögunni Tryggðarpanti eftir Auði Jónsdóttur þannig að niðurstaðan var fjórar stjörnur og: „Falleg en átakanleg bíómynd sem á brýnt erindi við íslenskan samtíma og okkur öll. Mynd sem er ekki síður mikilvægt að allir sjái en Lof mér að falla. Við erum öll ein fjölskylda. Er þetta eitthvað flókið?“

Þetta var síðan ítrekað með hvatningu: „Tryggð er falleg, fantavel leikin en átakanleg bíómynd sem á brýnt erindi við íslenskan samtíma og okkur öll. Drífa sig í bíó!“ Pæling að eyða kannski minni tíma og orku í að sálgreina gagnrýnandann og drífa sig bara í bíó. Á mínum tuttugu árum í þessum hrakningum hef ég ítrekað orðið var við að lítið orsakasamhengi er milli dóma og aðsóknar. Samt má alveg stundum treysta okkur.

## Spegilbrot sjálfsmynda

★★★★☆

Kvikmyndagerðarkonur voru áberandi frekar til fjörsins í ár og ég held að það sé ekkert á karlana eða þeirra ágætu myndir hallað þótt konunum sé að miklu leyti eignaður heiðurinn af því hversu þétt, jafnt og ánægjulega gott þetta bíóár var í raun.

Við þurfum ekkert að vera ýmist frá Mars eða Venus til þess að skynja frekar en sjá að konur gera öðruvísi bíómyndir og það er svo gott þegar eitthvað öðruvísi kemur í bíó.

Rúnar Rúnarsson verður að vísu seint sakaður um að gera venjulegar myndir og hann kláraði þetta góðæri með undarlega heillandi furðuverki. Upplifun þegar hann gefur „fullkominn skít í hefðbundinn frásagnarhátt og ævafornar reglur Aristótelesar í þeim efnum með djarfri tilraun sem gerir talsverðar kröfur til áhorfenda sem uppskera ríkulega ef þeir nenna að leggja sitt af mörkum til verksins.“

Fjórar stjörnur fóru á þessa mósaíkmynd í 58 spegilbrotum sjálfsmynda okkar þar sem alls konar fólk, á öllum aldri, úr ýmsum áttum, eitthvað um 350 manns, myndaði aðalpersónu myndarinnar, samfélagið sjálft.

## Þegar maður á lífsblóm …

★★★★☆

Hlynur Pálmason fór ekki heldur troðnar slóðir með áhorfendur í Hvítum, hvítum degi og gerði einnig kröfur til þeirra þótt haldreipin væru kunnuglegri í þó að vissu leyti draumkenndri martröð hverfandi staðalmyndar hins alíslenska karlmanns. Soldið eitraður svona, en vel meinandi. Ingvar E. Sigurðsson vinnur enn einn leiksigurinn sem bergmál vonlausa frumkarlmannsins sem kenndi sig við Sumarhús.

Hvítur, hvítur dagur er stemningsmynd sem nagar sig hægt og bítandi en af sívaxandi þunga djúpt í vitund áhorfenda. Hún er dálítið bara eins og lífið sjálft. Ljót, falleg, átakanleg og á köflum fyndin en þyngstur er slagkrafturinn í dásamlegum samleik Ingvars Sigurðssonar og hinnar ungu Ídu Mekkínar Hlynsdóttur. Fjórar. En ekki hvað?

## Góðir Framsóknarmenn?

★★★★☆

Grímur Hákonarson er leikstjóri með stíl og í Héraðinu brá hann skemmtilega á leik og krækti í enn eina fjarkakippuna með lítilli sögu sem er lyginni líkust en fer um leið sorglega nærri kunnuglegum, nöprum, íslenskum raunveruleika og er þannig helvíti hressileg hugvekja í öllum sínum einfaldleika.

Arndís Hrönn Egilsdóttir er prímusmótorinn sem knýr þessa baráttusögu sterkrar bóndakonu við ofurefli kaupfélagsveldisins áfram af ótrúlegum krafti og áreynslulausum stórleik þannig að lúmskt fyndin tragikómedía úr alíslenskum raunveruleika springur út í dæmisögu sem á við alls staðar á öllum tímum.

toti@frettabladid.is

bauhaus.is

# BAUHAUS®



**LED-kertastjakaljós, sett**
Hæð 25 cm. Með flöktandi ljósi. Rafhl. fylgja ekki. 2 x AA-rafhlöður.

**748,-** 1.495,-




**LED- vaxkerti 10**
Hæð 10 cm. Þv. 8 cm. Með ljósaseríu í kringum vaxkertið. 2 x AA rafhlöður fylgja ekki. Hvítt.

**998,-** 1.995,-

**LED vaxkerti 15**
Hæð 15 cm. Þv. 8 cm. Með ljósaseríu í kringum vaxkertið. 2 x AA- rafhlöður fylgja ekki. Hvítt.

**1.498,-** 2.995,-




**1.998,-** 3.995,-

**LED-vaxkerti**
Sett með 3 stk. Hæð 10, 12 og 15 cm. Þv. 7,6 cm. 6 x AA- rafhlöður fylgja ekki. Með fjarstýringu (1 x CR2025-rafhlaða fylgir). Hvítt.




**998-** 1.995,-

**Snjóboltar, LED vaxkerti**
2 stk. Þv. 7,5 cm. 2 x CR2032-rafhlöður fylgja með. Hvítir.

## Opnunartímar um jól og áramót

| | |
|---|---|
| FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER | 8-21 |
| FÖSTUDAGUR 20. DESEMBER | 8-21 |
| LAUGARDAGUR 21. DESEMBER | 10-21 |
| SUNNUDAGUR 22. DESEMBER | 10-21 |
| MÁNUDAGUR 23. DESEMBER | 8-21 |
| AÐFANGADAGUR 24. DESEMBER | 8-12 |
| JÓLADAGUR | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM | LOKAÐ |
| FÖSTUDAGUR 27. DESEMBER | 10-19 |
| LAUGARDAGUR 28. DESEMBER | 10-18 |
| SUNNUDAGUR 29. DESEMBER | 10-18 |
| MÁNUDAGUR 30. DESEMBER | 8-19 |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DESEMBER | 8-12 |
| NÝÁRSDAGUR 01. JANÚAR | LOKAÐ |
| FIMMTUDAGUR 02. JANÚAR | 10-19 |

## 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM!

Afsláttur gildir ekki fyrir lifandi tré.

**Jólatré**
Normannsþinur, með gulu merki. Stærð: 150–220 cm

**3.495,-**

**Jólatré**
Fást í nokkrum stærðum.
150–175 cm

**4.995,-**

175-200 cm.........................5.995,-

**Normannsþinur**
75-115 cm.

**2.995,-**



## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is




VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

**Tilkynning um rafræna skráningu og innköllun áþreifanlegra hlutabréfa Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.**

Stjórn Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., kt. 451015-2140, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og samkvæmt heimild í gr. 2.4 í samþykktum félagsins hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi föstudaginn 20. mars 2020 kl. 09:00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, ásamt síðari breytingum.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, gefin út á nafn hluthafa. Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. að Fiskislóð 31 101 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Skorað er á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfamiðstöð Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfamiðstöð Íslands hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Greiðslur til eigenda réttinda rafrænna hlutabréfa í félaginu skulu fara fram fyrir milligöngu kerfis Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

*Reykjavík 10. desember 2019.*
*Fh. stjórnar Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.*
*Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.*

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Þrándur segir verkið sóma sér vel á hlið stjórnarráðsins þar sem ríkisstjórnin situr í „boði Samherja“. MYND/ÞRÁNDUR

# Samherji smellpassar á stjórnarráðsgaflinn

**Þrándur Þórarinsson** er gjarn á að blanda harðri ádeilu saman við olíulitina og gat ekki stillt sig um að gera Samherjamálið ódauðlegt með málverki sem hann telur eiga heima á suðurgafli stjórnarráðsins.

Listmálarinn Þrándur Þórarinsson leyfir sér ítrekað, trúr hefðinni og gömlu meisturunum með sjálfan Francisco Goya efstan í huga, að blanda harðri samfélagsádeilu saman við list sína.

Fyrir rétt rúmu ári fannst honum óhjákvæmilegt annað en að festa Klausturmálið á striga en nú síðast tók hann Samherjamálið fyrir einfaldlega vegna þess að honum rann blóðið til skyldunnar.

„Eins og frægt er orðið hefur Samherji verið ötull við að hrifsa til sín sjávarauðlindir Namibíu og þannig aukið enn á þjáningar og lífsafkomu þegar þrautpíndrar þjóðar,“ sagði Þrándur þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann í Kaupmannahöfn þangað sem hann er nýkominn til þess að sveifla penslum.

„Ég vildi gera mitt til þess að sá verknaður verði sem lengst í minnum hafður og málaði því mynd sem í eina tíð hefði verið sagt að væri „kjörin til stækkunar“,“ segir listmálarinn sem sá stækkun verksins einmitt fyrir sér á mjög svo ákveðnum, steinsteyptum striga.

**Listrænt veggjakrot**

„Þetta málverk er töluvert fært í stílinn, formin einfölduð og flött út og litakontrastinn skarpur og þetta er vitaskuld gert af ásettu ráði þar sem ég vil að verkið verði notað sem veggmynd á stjórnarráðshúsinu,“ heldur Þrándur áfram og bendir á að hann hafi gert sér fullkomna grein fyrir því að augljósasti flöturinn undir myndina komi því miður ekki til greina.

„Vitanlega hefði Alþingishúsið verið nærtækara en ytri veggir þess eru ekki ákjósanlegir fyrir freskur,“ segir Þrándur og bendir á mynd sem hann segist hafa „fótósjoppað sjálfur af veikum mætti“ og sýnir hvernig hann sér útfærsluna fyrir sér.

> EN EF SVO ÓLÍKLEGA VILL TIL AÐ ERFITT VERÐI AÐ FINNA VERKEFNINU FJÁRMAGN MUN ÁREIÐANLEGA EKKI STANDA Á SAMHERJA AÐ KOSTA ÞAÐ MEÐ EINHVERJU AF NAMIBÍUFÉ SÍNU.

**Auðveld fjármögnun**

„Eins og sjá má sómir málverkið sér prýðilega á sunnanverðri hlið stjórnarráðshússins og þar sem þessi ríkisstjórn, eins og allar á undan henni, situr í boði Samherja og útgerðarauðvaldsins hygg ég að ráðherrar hennar verði hæstánægðir með þessa tillögu mína.“ Þá sér Þrándur fyrir sér að lítið mál verði að afla fjár til þess að koma myndinni á suðurgaflinn.

„En ef svo ólíklega vill til að erfitt verður að finna verkefninu fjármagn mun áreiðanlega ekki standa á Samherja að kosta það með einhverju af Namibíufé sínu.“

Þrándur segir rétt að geta þess að þetta tiltekna málverk sé að vísu þegar selt en hann telji söluna síður en svo gera út um drauminn um að gera Samherjamenn að göflurum við Lækjargötu.

**Stafræn sigurganga**

Hann vekur líka athygli á því að einhverra hluta vegna er, sennilega umtalaðasta verk hans frá upphafi, enn óselt. „Myndin mín af Útlendingastofnun hélt í mikla stafræna sigurgöngu út og suður um netheima,“ segir Þrándur um það sem við tók eftir að Fréttablaðið.is greindi frá því hvassa ádeiluverki í byrjun desember.

„Engin mynda minna hefur fengið viðlíka dreifingu á netinu, nema ef vera skyldi Nábrókarbjarni,“ segir Þrándur um mynd af fjármálaráðherra smokra sér í skollabrækur sem varð svo umdeild að honum var meinað að láta verkið hanga á sýningu í Hannesarholti.

„Og lítil furða þar sem fólki sárnar vitaskuld að það skuli vera hér opinber stofnun sem hefur kynþáttahatur að leiðarljósi og sendir fólk unnvörpum í opin dauðann, jafnvel börn og óléttar mæður.“ Ég myndi líklega bjóða Samherja að kaupa nýja verkið ef það væri ekki selt nú þegar. Aftur á móti er ekki of seint fyrir Útlendingastofnun að eignast málverk af sér.“

**toti@frettabladid.is**



Þrándur segist hafa látið störfyrirtæki í friði í nokkur ár en fyrir nokkrum misserum urðu Arion banki og Gamma fyrir pensilstrokum hans.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


GLÆPA-
DROTTNINGIN
HELKÖLD SÓL
★★★★
EXPRESS
★★★★
LE DEVOIR
LILJA
SIGURÐARDÓTTIR
LILJA SIGURÐARDÓTTIR
HELKÖLD SÓL
Geysivel fléttuð og hörku-spennandi glæpasaga um konu sem hverfur sporlaust.
„Lilju tekst vel upp í þessari sögu.“
Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið
„Ég er mjög ánægð, finnst hún mjög spennandi.“
Guðrún Baldvinsdóttir / Kiljan
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | www.forlagid.is




# JÓLA-FJÖR

## Þú færð jólagjöfina hjá okkur

***20-50%*** Öll jólavara ***40%*** Lemax jólaþorp ***30%*** Rúðusköfur
***30%*** Brennikubbar, eldstæði & geislahitarar
***30%*** Iceland kuldagallar ***30%*** CAT undirfatnaður ***25%*** Ljós & perur
***25%*** Leikföng, spil & púsl ***25%*** Snickers vinnufatnaður
***25%*** Toeguard & Solidgear öryggisskór ***25%*** Pottar & pönnur

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

GROHE

**Tilboðsverð**

**Sturtusett**
New tempesta. Stílhreint sturtusett frá Grohe með króm húð.
**5.246**
15327853
Almennt verð: 7.494



**30% afsláttur**

**Tilboðsverð**

**Hnífaparasett**
Bead, 24 stk.
**3.117**
41114542
Almennt verð: 5.195

**40% afsláttur**



**Tilboðsverð**

**Þilofn**
Olíufylltur þilofn. 600W
1150x70x300cm.
**5.000**
65105828
Almennt verð: 9.995

***Hlýtt og notalegt um jólin***

**50% afsláttur**





**30% afsláttur**

**Tilboðsverð**

**Matar- og kaffistell**
fyrir fjóra, alls 20 stk.
**4.196**
41100108
Almennt verð: 5.995

**Tilboðsverð**

**Matar- og kaffistell**
20 stykki með silfurrönd
**5.597**
41100112
Almennt verð: 7.995

Skreytum Hús... mælir með

**30% afsláttur**





damixa™
When design makes sense

**Tilboðsverð**

**Eldhústæki**
Einstaklega fallegt eldhústæki með einu handfangi og Eco-Save vatnssparnaðarkerfi. Sérstök hönnun gefur þessu tæki einstakan prófíl.
**13.297**
15517066
Almennt verð: 18.995

**30% afsláttur**

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



6stk.

40%

**Tilboðsverð**

## Vínglös

6 stk., 26cl. Fluente

**2.397**

41114730

Almennt verð: 3.995

**Tilboðsverð**

## Snjósleði

Bobslead fyrir börn allt að 75 kg að þyngd. Kemur með snúru sem dregst sjálfkrafa til baka.

**8.246**

46216263

Almennt verð: 10.995

25% afsláttur



LUX TOOLS

**Tilboðsverð**

## Skrallsett

Skrallsett með 9 skrallbitastærðum

**2.248**

68510081

Almennt verð: 4.495

50% afsláttur



Snickers WORKWEAR

**Tilboðsverð**

## Snickers smíðavesti

Grátt, XS-2xL

**8.497**

93457420-30

Almennt verð: 16.995

50%



BOSCH
Invented for life

**Tilboðsverð**

## Rafhlöðuskrúfjárn

IXO VI 3,6V. Létt og þægileg rafhlöðuskrúfvél með 1,5Ah rafhlöðu,

**7.697**

748640057

Almennt verð: 10.995




30% afsláttur

Einhell

**Tilboðsverð**

## Multisög

TC-MG 220/1 E. Sög, fræsari og skrapari í einu tæki, frábær multisög sem hentar í allskonar verk. Auðvelt að skipta út haus sem hver og einn eru hannaðir fyrir mismunandi verkefni.

**5.757**

74801056

Almennt verð: 9.595

40% afsláttur



*Verum örugg í jólaumferðinni*

**Tilboðsverð**

## Rúðuvökvi

-18°C frostþol. Rúðuvökvi hindrar ísmyndun í rúðusprautukerfum. Fjarlægir óhreinindi, ís og hrím af bílrúðum. Rúðupiss fyrir íslenskar aðstæður.

**696**

90503840

Almennt verð: 995

30% afsláttur




sunred

**Tilboðsverð**

## Geislahitari

Svartur. 600W.

**6.996**

50615006

Almennt verð: 9.995



30% afsláttur

Einhell

**Tilboðsverð**

## Rafhlöðuborvél

Rafhlöðuvél frá Einhell hefur 2 gíra og góðan mótor.

**15.117**

74826002

Almennt verð: 25.195

40% afsláttur



*Fyrir seríurnar á jólatréð*

**Tilboðsverð**

## Fjöltengi

Fjöltengi þrefalt með jörð, 1,5m snúra, barnaöryggi í tenglum, með rofa. Til bæði hvítt og svart.

**500**

54321101

Almennt verð: 795



37% afsláttur

**Tilboðsverð**

## Límbyssa

50 vatta límbyssa sem hentar einkar vel fyrir föndur og léttari verk heima við.

**787**

68381108

Almennt verð: 1.575



50% afsláttur

**Tilboðsverð**

## Rafhlöðuborvélasett

R18DD5 með aukahlutum. Verkfærasett með kolalausri RYOBI borvél með tveimur gírum og 40 Nm í herslu, R18DD5, tvær rafhlöður

**31.496**

7133004297

Almennt verð: 44.995

RYOBI



30% afsláttur

25% afsláttur



**Tilboðsverð**

## Rafmagnshlaupahjól

XZ1200 Hámarkshraði: 20 km/h drægni 5-10 km ljós að framan og aftan Hámarks burðargeta: 80 kg.

**29.995**

41036746

Almennt verð: 39.995

DREMEL

30% afsláttur

**Tilboðsverð**

## Föndurfræsari

Micro 7,2V þráðlaus með 15 aukahlutum. Innbyggt ljós til að sjá betur.

**11.897**

74780340

Almennt verð: 16.995



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Afgreiðslutími um jól og áramót er á byko.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þorbjargar Gunnlaugsdóttur




## Vér mótmælum

Stærsti ósigur Verkamannaflokksins síðan 1935 kallar á viðbrögð og skýringar. Viðbrögðin virðast dragast en skýringin er augljós. Leiðindi eru dýrkeypt og breyta stjórnmálum nútímans. Engin heiðarleg manneskja sem hefur hlustað á Jeremy Corbyn getur sagt að hann virki sjarmerandi eða áhugaverður. Samt bauð Verkamannaflokkurinn kjósendum bara upp á hann. Og þá varð niðurstaðan þessi. Öllum finnst mun betra að hitta leiðinlegt fólk sjaldan en oft. Fólk nennir ekki að horfa á Corbyn þegar það sest niður með símann eða horfir á kvöldfréttir. Til þess er hann bara of leiðinlegur. Það eru engin söguleg tíðindi að fólk sé misjafnlega skemmtilegt. Núna er hins vegar erfiðara að dylja persónuleika leiðtoganna. Til þess sjáum við þá of oft. Corbyn getur lifað af umfjöllun í dagblöðum, einstaka útvarpsviðtal en ekki dagleg viðtöl í sjónvarpi eða skeytasendingar á Twitter. Salurinn í stjórnmálum dagsins er erfiðari en hann var.

Þegar Jón Sigurðsson stóð í sal Lærða skólans og mótmælti varð hann okkar besti maður. Enginn talar um hvernig hann fílaði Jón eða hvort gaman hefði verið að taka með honum einn bjór. Við höfum kannski eitthvað aðeins pælt í hvort okkar besti maður var með sárasótt eða það sem nýjar kenningar segja, sýkingu í eista sem olli vökvasöfnun í pungi. (Það getur að vísu geta bent til að Jón hefði staðist bjórprófið.) Í dag myndi Jón sennilega rjúka rakleiðis úr sal í sjónvarpsviðtali og svo tvíta um bræði sína þegar Trampe helvítið sleit fundinum: „Og ég mótmæli í nafni konungs og þjóðarinnar þessari aðferð, og ég áskil þinginu rétt til þess að klaga til konungs vors yfir lögleysu þeirri, sem hér er höfð í frammi.“ #vérmótmælumallir

En myndi þetta tíst hefja Jón upp til himins?


FRÍTT KAFFI Í DESEMBER
Kvikk ON THE GO
ORKAN















## Garmin VENU
69.900 kr.

Pay Léttkaup

6.434 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 19.03% Alls: 77.206 kr.

## Apple Watch 5
Verð frá: 74.990 kr.

Pay Léttkaup

6.873 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 18.13% Alls: 82.475 kr.

## Fitbit Versa 2
34.990 kr.

## Fitbit Charge 3
21.990 kr.

Fjölhæf og frábær. Vinsælustu snjallúrin okkar!





Tilboð





## Nýja Soundboksið
149.990 kr.

Krafthátalari fyrir skemmtun utandyra. Skrúfaðu upp í 11!

Pay Léttkaup

13.342 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 11.24% Alls: 160.100 kr.

## Meater kjöthitamælir
16.990 kr.

~~Fullt verð: 19.990 kr.~~

Nauðsynlegt snjalltæki fyrir alla ástríðukokka

## Buddy heyrnartól
7.990 kr.

Sniðin á litla snillinga – verndar viðkvæm eyru

## Bose NC 700
52.990 kr.

Pay Léttkaup

4.975 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 23.32% Alls: 59.705 kr.



## Twinkly snjallsería
Verð frá 8.990 kr.

Appstýrð LED ljósasería með endalausa möguleika!

## Polaroid Mint prentari
Tilboð

16.990 kr.

~~Fullt verð: 19.990 kr.~~

Prentaðu minningar beint úr símanum






# Dreifðu greiðslum, borgaðu eftir jól

Notaðu Pay Léttkaup í desember, dreifðu greiðslum í allt að 36 mánuði og þú byrjar ekki að borga fyrr en í febrúar.

Pay Léttkaup

Sækja frá App Store

SÆKJA FRÁ Google Play

siminnpay.is


Svona á sjónvarp
að vera um jólin
Í Sjónvarpi Símans Premium getur öll fjölskyldan horft á það sem hún vill í sjónvarpi og snjalltækjum. Jólalegt úrval af kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og barnaefni ásamt Enska boltanum.
Skínandi kaupauki fylgir öllum farsímum fram að jólum: 14 daga aðgangur að Sjónvarpi Símans Premium.
Premium
Jólamyndir
Skoða allt
Kvikmyndir
Skoða allt
Nýjar þáttaraðir
Heim
Sjónvarp
Premium
Sport
Krakkar
Meira
Sjónvarp Símans Premium í
14 daga
fylgir öllum farsímum fram að jólum